



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Sagnfræðideild

***Fyrstu verslunarerindrekar á vegum stjórnvalda***

Ritgerð til B.A.-prófs í sagnfræði

Örn Ingi Bjarkason

Janúar 2014

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Sagnfræði

***Fyrstu verslunarerindrekar á vegum stjórnvalda***

Ritgerð til B.A. prófs í sagnfræði

Örn Ingi Bjarkason

Kt. 1902902639

Leiðbeinandi: Guðmundur Jónsson

Janúar 2014

# Ágrip

Ísland stóð höllum fæti í verslun og viðskiptum á síðari hluta 19. aldar. Kaupmenn á Íslandi voru ekki nógu upplýstir um hinn almenna markað úti í heimi. Einnig vissu kaupmenn á erlendum mörkuðum lítið um íslenskar afurðir. Íslendingar sendu sínar afurðir til milliliða í Danmörku sem sendu vöruna síðan áfram. Þannig var viðskiptum oftast háttað og var það ekki hagstætt fyrir útflutning, því með mörgum milliliðum eykst kostnaður og seljandi vörunnar fær því mun minna en ella. Ritgerðin fjallar um þá verslunarerindreka sem fengu styrk til markaðsöflunar erlendis á árunum 1893-1894 og 1909-1913. Kastljósinu er einkum beint að Ditlev Thomsen og Bjarna Jónssyni frá Vogu.

Frumkvæði og ný hugsun var byrjuð að myndast á Íslandi með tilkomu þessara erindreka. Á Íslandi voru bæði landsstjórnin og þjóðin tilbúna að taka verslun í sínar hendur. Þrátt fyrir að verslunarfrelsi hafði verið veitt 1855 þá voru mun fleiri danskir kaupmenn með selstöðuverslun á Íslandi en innlendir, og þessu vildi fólk breyta. Einnig óskaði þjóðin eftir því að fá umboðsmenn til þess að verja íslenska hagsmuni erlendis, en þeim hafði ekki verið til að dreifa. Sendiherra var því nauðsynlegur. Allt þetta tal um sjálfstæðan erindreka fyrir Íslands hönd olli Dönum áhyggjum. Þeir fylgdust með því hvernig Íslendingar kröfðust æ meira sjálfstæðis. Í ritgerðinni er leitast við að sýna hvað Íslendingum gekk til með að senda fyrst umboðsaðila og stofna síðan embætti viðskiptaerindreka.

Ditlev Thomsen hvatti til nýrrar hugsunar í verslunarháttum Íslendinga og þótt lítið hafi gerst fyrst eftir að hann gaf út skýrslur sínar, þá var snjóboltinn byrjaður að rúlla. Íslenskum kaupmönnum fjölgaði og erlendir voru á undanhaldi. Með skýrslugerð Thomsens opnuðust nýir sölumöguleikar úti í heimi, og hvernig best væri að vinna vöruna. Bjarni Jónsson í stöðu sinni sem viðskiptaráðunautur auglýsti bæði vörur og kaupmenn á Íslandi og tókst að fækka milliliðum. Þessi staða ýtti líka töluvert undir sjálfstæðisumræðu þjóðarinnar, því nú var kominn erindreki til að verja hagsmuni Íslendinga í öðrum löndum. Bjarni var svo leystur af 1913 en áfram hélt starfið áfram með einhverjum breytingum eftir aðstæðum. Á Íslandi var fólk tilbúið að taka skrefið lengra og verða sjálfstæð þjóð.

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	5
Ísland á seinni hluta 19. aldar og í upphafi hinnar tuttugustu. ....	7
Atvinnulíf og stefna ríkisins. ....	8
Viðskiptasamfélag .....	10
Ditlev Thomsen.....	13
Thomsens-magasín og Ditlev.....	14
Verslunarerindreki.....	15
Fyrri ferð Ditlevs Thomsen .....	19
Seinni ferð Ditlevs Thomsen.....	22
Verslunarráðunauturinn.....	27
Pólitík.....	29
Viðskiptaráðunauturinn .....	32
Á að skapa starfið sjálfur .....	35
Störf viðskiptaráðunautar .....	37
Alþingi klofið.....	40
Atlaga gerð að viðskiptaráðunautnum .....	43
Endalok viðskiptaráðunautars.....	45
Ráðunautur Sambands íslenskra samvinnufélaga.....	48
Viðskiptaerindrekar á árunum milli stríða.....	50
Lokaorð.....	52
Heimildaskrá.....	55

## Inngangur

Allur heimurinn er í dag sem áður háður viðskiptum og hvernig þeim er háttað.

Einokunarverslun hafði ríkt á Íslandi á 19. öld og voru vöruskipti því algengari en verslun með peninga. Gerði það að verkum að fátækt ríkti í landinu og Ísland varð langt á eftir á sviði menntunar, verslunar og iðnaðar. Á seinni hluta 19. aldar flúði fólk Ísland í von um betri tækifæri í erlendu landi. Verslunarfrelsi fékkst frá Dönnum 1855 og opnaði það að mörgu leyti ný tækifæri fyrir íslensk viðskipti. Útflutningur jókst en alltaf voru Danir milliliðir í öllu sem Íslendingar seldu út og fengu þeir því minna út úr viðskiptunum. Hvað gerði það að verkum og hverjir voru það sem náðu að ýta Íslandi út í þróaðra samfélag?

Í þessari ritgerð verður fjallað um þá viðskiptaráðunauta sem skipaðir voru af hinu opinbera allt til ársins 1940. Áhugavert er að skoða hverjir það voru sem stjórnvöld styrktu sem verslunarerindreka til að vinna að markaðsöflun erlendis. Hvernig kom það til?

Um aldamótin 1900 voru það helst tveir einstaklingar sem áttu þar stóran hlut að máli. Annar var danskur og einn stærsti kaupmaður á Íslandi á sínum tíma meðan hinn var menntaður háskólamaður og alþingismaður. Þetta voru þeir Ditlev Thomsen (f.1867-d.1935) og Bjarni Jónsson frá Vogu (f.1863-d.1926) og eru störf þeirra sem verslunarerindrekar aðal umfjöllunarefni þessarar ritgerðar.

Ditlev Thomsen fékk styrk úr landssjóði til að rannsaka erlenda markaði fyrir íslenskar afurðir, Bjarni fékk stöðu viðskiptaráðunautar sem var fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. Bjarni gegndi þá þýðingarmeira hlutverki en Ditlev, því auk þess að sinna málefnum verslunar og viðskipta ýtti staða hans undir baráttu fyrir auknu sjálfstæði Íslands. Hatrammar deilur á voru á Alþingi um þessar erindrekastöður og sífellt var efast um að árangur myndi nást. Bjarni átti oft í deilum á Alþingi. Þegar hann fékk þessa stöðu var gerð *Uppkastsins* nýlokið, en það voru drög að nýjum sambandslögum milli Íslands og Danmerkur. Alþingi var því oft á tíðum klofið og ásakanir gengu á víxl, sem kom niður á viðskiptaráðunautnum. En það er ljóst að þessir tveir einstaklingar breyttu miklu fyrir Ísland og verslun þess. Erfitt var að breyta hugsunarhætti Íslendinga því margir voru íhaldssamir og hræddir við breytingar; átti það einnig við um þingmenn. Í þessari ritgerð er fjallað um þær breytingar sem í vændum voru og urðu vísir að nútímalegra landi. Handrit Ólafs Hannibalssonar um Bjarna sem er enn í vinnslu

og aðrir þættir úr félagssögu Íslands eru meginheimildirnar. Í Alþingistíðindum er hægt að sjá tíðarandann sem ríkti bæði á þingi og meðal almennings, en þar var oft tekist á. Ditlev og Bjarni voru báðir duglegir að skrifa í tímarit og eru því samtímaheimildir mjög gagnlegar þar sem þeir skýra sína hlið á öllum málum.

## Ísland á seinni hluta 19. aldar og í upphafi hinnar tuttugustu.

Mikið umrót hófst undir lok 19. aldar, en þá var gamla sveitasamfélagið að líða undir lok og bæjasamfélag að taka á sig mynd. Samfélagsbreytingar voru því miklar og þurfti að huga að nýjum málum. Atvinnuhættir skipta miklu máli fyrir öll samfélög, og eyja í Atlantshafi engin undantekning. Ísland var hægt og bitandi að breytast úr landbúnaðarsamfélagi yfir í samfélag með gróskumikinn sjávarútveg sem var á uppleið. Það sem hafði einkennt íslenska verslun fram að því voru vöruskipti. Lítið var um handbært fé í landinu því bændur og fleiri stunduðu skipti og meðhöndluðu því ekki peninga.

Ísland var í rauninni mjög vanþróað og langt á eftir öðrum Evrópuríkjum í iðnaði.

Sjávarútvegur sem og upphaf bæjamenningar með þjónustu og munaði hvatti fólk til þess að flytja úr sveit í borg. Mörg sjávarþorp mynduðust en þó fluttu flestir til Reykjavíkur, sem síðar varð, eins og Jón Sigurðsson vildi, höfuðborg Íslands.

Um 1870 var Ísland strjálbýlt landbúnaðarsamfélag. Flestir landsmenn höfðu atvinnu af landbúnaði sem var þá aðallega kvikfjárrækt. Einnig var vottur af sjávarútvegi þar sem bændur við sjávarsíðuna drýgðu tekjur sínar með því að gera út litla, opna báta á vertíðum. Fámenn stétt hafði sjávarútveg að aðalatvinnu sinni. Efnahags- og lífsskilyrði á Íslandi voru því næst frumstæð allt fram eftir miðri 19. öld. Sóttir og hallæri voru áberandi fyrir á öldum og hjuggu iðulega stór skörð í raðir landsmanna. Mikil endurreisn hafði verið reynd af stjórnvöldum í Danmörku og íslenskum embættismönnum eftir fullkomið efnahagshrun í landinu um aldamótin 1700. Þessu efnahagslega endurreisnarstarfi fór lítt fram á 18. öld enda mjög ómarkvisst.<sup>1</sup>

Íslendingum fjölgaði því mjög hægt. Íbúafjöldi var stöðugur milli 1820 og 1870, en á tímabilinu 1870-1900 voru Vesturheimsferðir Íslendinga mjög vinsælar og hafði fólk fækkað í landinu af þeim sökum. Vesturferðir Íslendinga má meðal annars skýra með skorti á tækifærum í íslensku atvinnulífi. Í sveitum var erfitt að fá jarðarpart til ábúðar. Fólk varð að fresta því árum saman að ganga í hjónaband og eignast börn, því fáum þótti það fýsilegt að vera í vinnumennsku og eiga fyrir barnahópi að sjá. Þéttbýli var enn afar vanþróað og fá tækifæri buðust til að starfa við iðnað, afgreiðslu- og þjónustustörf. Þéttbýlismyndun varð ör

---

<sup>1</sup> Gísli Á. Gunnlaugsson, *Saga og samfélag*, bls. 12.

eftir 1890 og alla 19. öldina ríkti fremur fjandsamlegt viðhorf meðal bænda til þéttbýlis. Þorp og bæir voru talin spillingarbæli sem spilltu siðferði, drægju úr dugnaði fólks og græfu undan helstu stoðum þjóðfélagsins.<sup>2</sup> Með breyttum atvinnu-, búsetu- og þjóðlífsháttum eftir 1880 breyttist fjölskyldumynstrið verulega. Auknum möguleikum til hjúskapar og stofnunar heimilis fylgdu fleiri giftingar, en um leið færri barneignir.

Vinnuaflið í landinu var furðulega hreyfanlegt miðað við að Ísland var kyrrstöðusamfélag hvað varðar þróun atvinnu- og búsetuhátta. Fólk fór í vinnumennsku landshluta á milli. Lífsskeiðið hjá þjóðinni var því með allt öðrum hætti en erlendis, þar sem sjálfseignarbúskapur eða trygg leiguábúð tíðkuðust. Þar tóku börn oftast við búskap af foreldrum sínum en slíkt var sjaldgæfara hérlandis sakir þess að þorri bænda var leiguliðar fram yfir aldamótin 1900.<sup>3</sup>

### Atvinnulíf og stefna ríkisins.

Eftir að þjóðfundinum var lokið 1851 tók danska stjórnin upp verslunarmálið. Danska ríkisþingið samþykkti svo lög sem veittu Íslandi algert verslunarfrelsi frá og með 1. apríl 1855. Íslendingar fögnuðu því að Danir höfðu orðið við óskum landsmanna um fullkomið verslunarfrelsi.<sup>4</sup> Innlendum kaupmönnum var heimilað að taka erlend skip á leigu til Íslandsverslunar. Erlendum kaupmönnum, öðrum en dönskum, var heimilt að versla á Íslandi til jafns við danska kaupmenn. Þeim var aðeins skylt að sigla fyrst til einnar af sex höfnum á Íslandi; Reykjavíkur, Vestmannaeyja, Stykkishólms, Ísafjarðar, Akureyrar eða Eskifjarðar og var það gert til að auðvelda eftirlit með skipakomum.<sup>5</sup> Stærsta breytingin sem kom í kjölfar verslunarfrelsis var um 1870, þegar Bretar tóku að kaupa af Íslendingum sauðfé sem þeir fluttu á fæti til heimalands síns og fituðu þar til slátrunar. Sauðasalan breytti íslenskri verslun einkum á þann hátt að hún ýtti undir stofnunar verslunarsamtaka bænda og átti þannig drjúgan þátt í að skapa samvinnuhreyfingu í verslun. Fram undir 1860 var íslenskt samfélag næstum því eingöngu sveitasamfélag. Landbúnaður var stundaður sem sjálfspurftarbúskapur eftir því sem kostur var. Engu að síður gat þjóðin ekki verið án innflutnings á ýmiss konar

<sup>2</sup> Ólafur Ragnar Grímsson og Þorbjörn Broddason, *Íslenska þjóðfélagið*, bls. 34.

<sup>3</sup> Gísli Á. Gunnlaugsson, *Saga og samfélag*, bls 26.

<sup>4</sup> Lýður Björnsson, *Saga verslunar á Íslandi*, bls. 19.

<sup>5</sup> Gunnar Karlsson, „Upphafsskeið þjóðríkismyndunar 1830-1874“, bls. 341.



varningi sem ekki var hægt að framleiða innanlands, svo sem kornvöru, timbri, járn og fleiru, til þess að geta lifað viðunandi lífi.<sup>6</sup>

Ekki fylgdi þó snögg breyting í kjölfar algers verslunarfrelsis. Þó jókst þáttaka Íslendinga smám saman og menn fóru að sjá tækifæri í verslun. Íslenskir kaupmenn hófu að stofna ýmist hlutafélög eða pöntunarfélög og síðar kaupfélög. Markmið stórra verslunarfélaga eins og Gránufélagsins og Félagsverslunarinnar við Húnaflóa, sem voru þær fyrstu og stærstu sinnar tegundar á Íslandi, var að bjóða betri verslunarkjör en kaupmenn gerðu, hvort sem það var með loforðum um afurðir til endurgjalds, söfnun vörupantana eða með sölu hlutabréfa. Íslendingar höfðu því um árið 1880 nokkra reynslu af óformlegum verslunarsamtökum og hlutafélögum auk einstaklingsverslunar. Á síðari hluti 19. aldar jókst útflutningur og menn gerðu sér æ meiri grein fyrir mikilvægi útflutnings. Þá var tekið að selja búfé á fæti úr landi; hross um 1850 og sauðfé 1866. Útflutningur á sauðfé var lítill framan af, en jókst um og upp úr 1880. Engendingar voru aðalkaupendur og greiddu fyrir búpeninginn með gulli. Með því að fá peninga var auðveldara að losna við verslunarskuldir. Stofnuð voru pöntunarfélög til að nýta þessa verslunarmöguleika betur og voru þau undanfarar kaupfélaganna.<sup>7</sup>

Eins og fram hefur komið voru vöruskipti helsta viðskiptaaðferðin á Íslandi og kom það landsmönnum oft í erfiðleika. Fyrir þá sem lögðu inn afurðir í verslun og tóku út vörur í staðinn skipti litlu máli hvernig verðlagið var í ríkisdöllum – meðan hlutföllin héldust óbreytt. En þegar verð var of hátt bæði á innflutnings- og útflutningsvörum gátu kaupmenn haft beinan skaða af því að kaupa innlendar vörur og greiða fyrir þær með peningum. Til dæmis lenti Gránufélagið í erfiðri stöðu 1876, en þá hafði félagið fengið 27.000 krónum meira erlendis fyrir útflutningsvörur en sem nam innkaupsverði frá bændum og útvegsmönnum. Kostnaður við innkaup og útflutning taldist vera 44.000 krónur, svo félagið tapaði um 17.000 krónum á útflutningnum og hefur sjálfsagt orðið að mæta því með álagningu á innflutningsvörur. Tryggvi Gunnarsson var þá kaupfélagsstjóri. Hann var myrkur í máli og talaði um verslunina í öfugu horfi. Ár eftir ár fengist ekki útlagður kostnaður fyrir innlendu vöruna og væri þar af leiðandi peningaskortur í landinu. Þetta háa verð hefði því haldið

---

<sup>6</sup> Gísli Á. Gunnlaugsson *Saga og samfélag*, bls 225.

<sup>7</sup> Lýður Björnsson, *Saga verslunar á Íslandi*, bls. 19-20.

peningaveltu í landinu í lágmarki og átt þátt í að viðhalda gamaldags vöruskiptaverslun.<sup>8</sup> Öll félögin voru því illa upplýst um gengi hins frjálsa markaðar í Evrópu. Mörgum fannst vanta einhvers konar erindreka erlendis sem annaðist þessi málefni. Vissulega voru til pöntunarfélög en þau voru ekki áreiðanleg. Segja má að Gránufélagið og Félagsverslunin við Húnaflóa hafi átt þátt í hinu geysiháa útflutningsverði á ull sem fylgdi þrælastríðinu í Bandaríkjunum, en það sem því líður voru verslunarhlutafélögin tvímælaust marktækt skref Íslendinga inn í hinn nýja heim viðskiptasamfélagsins. Félögin eru ekki síst vitnisburður um nýtt hugarfar Íslendinga.

## Viðskiptasamfélag

Atvinnubylting varð á seinni hluta 19. aldar á Íslandi. Breytingar í landbúnaði voru mjög hægar, en viðskiptasamfélag þróaðist og tæknibylting varð í sjávarúvegi, sem skipti sköpum. Þá voru einnig stigin fyrstu skref til þeirra framkvæmda í húsagerð, vegagerð, brúarsmíð, hafnagerð og fjarskiptum sem urðu forsenda viðskiptalífs og tækniþróunar. Verslunarrekstur var frá fornu fari framandi þáttur í efnahagslífi Íslands, verslanirnar erlend fyrirtæki, varla hluti af hagkerfi landsins sjálfs heldur snertiflötur þess við umheiminn þar sem innfluttur varningur fékkst í skiptum fyrir útflutningsafurðir.<sup>9</sup> Helstu útflutningsvörur Íslands voru hross og sauðfé, en saltfiskútflutningur var að aukast. Eftir að sauðasölunni lauk varð saltfiskurinn æ stærri þáttur í útflutningi landsmanna. Þó voru sjávarafurðir og landbúnaðarafurðir álíka drjúgar í útflutningi í upphafi landshöfðingjatímabilsins. Stór breyting fólst svo í því að fiskurinn var verkaður í salt í stað þurrkunar því að saltfiskurinn seldist á hærra verði miðað við hráefnið.<sup>10</sup>

Útflutningur fór svo fyrir alvöru að aukast upp úr 1880. Sam á við um vöxt verslunar en þó ekki í sama mæli. Árið 1870 töldust tæp 3% þjóðarinnar hafa verslun að framfæri sem og hótélrekstur og samgöngur. Árið 1901 var hlutfallið komið upp í 4%, en tók svo mikinn kipp upp á við og var árið 1920 orðið næstum 11%. Verslunum í landinu fjölgaði úr 70 í upphafi landshöfðingjatímans í 340 í lok hans, og fjöldinn var 740 í lok heimastjórnartímans. Verslanir

<sup>8</sup> Gunnar Karlsson, „Upphafsskeið þjóðríkismyndunar 1830-1874“, bls. 343-344.

<sup>9</sup> Helgi S. Kjartansson, *Ísland á 20.öld*, bls. 50.

<sup>10</sup> Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun 1874-1918“, bls. 48.

leituðust við, hver fyrir sig, að fullnægja viðskiptaþörfum fólks og sáu yfirleitt sjálfar um innflutning og útflutning. Heildverslun greindist frá smásöluverslun og upp komu sérsverlanir sem buðu sérstakan varning. Kornvara var flutt inn í miklum mæli. Munaðarvörur eins og kaffi, sykur, tóbak og áfengi voru meðal innflutts varnings, en í minna mæli. Innflutningur á salti og málmum jókst með tímanum og var saltið sérstaklega mikilvægt við verkun á þorski.<sup>11</sup>

Flokkun verslana í hagskýrslum eftir því hvort þær voru í íslenskri eða erlendri eigu geta verið villandi. Íslendingar og Danir voru borgarar sama ríkis og því ekki við annað að miða í opinberum skýrslum en búsetu, en kaupmenn voru flokkaðir eftir því hvort þeir bjuggu hér eða erlendis. Nokkur stórfyrirtæki áttu verslanir víða og höfðu býsna stórsniðinn rekstur. Þess má geta að með tilkomu Edinborgarverslunar árið 1895 hófst peningaverslun í Reykjavík, því að sú verslun seldi einungis vöru gegn greiðslu í reiðufé. Margir urðu fyrir vonbrigðum með íslensku kaupmennina því þeir þóttu semja sig meira að siðum danskra verslunarmanna en íslenskrar alþýðu. Þannig kom í ljós að rígur kaupmanna og viðskiptavina þeirra var ekki eingöngu til kominn vegna ólíks þjóðernis, heldur af stéttamun og hagsmunaandstæðum.<sup>12</sup> Dönsku Íslandskaupmennirnir höfðu nóg að gera fram yfir aldamótin 1900. Þeir ráku um 40-50 verslanir á Íslandi og mörg hver stærstu verslunarfyrirtæki landsins. Flestir kaupmannanna voru búsettir í Kaupmannahöfn og ráku verslun sína þaðan. Yfir reksturinn á Íslandi voru því settir faktorar eða verslunarstjórar, stundum fleiri en einn, ef þeir áttu mörg útibú. Á sumrin komu svo kaupmennirnir til þess að líta eftir rekstrinum. Þetta fyrirkomulag nefndist selstöðverslun og voru danskir kaupmenn kallaðir selstöðukaupmenn.<sup>13</sup> Danskar kaupmannsfjölskyldur festu þó rætur á Íslandi, einkum í Reykjavík. Ber þar helst að nefna Ditlev Thomsen, sem um aldamót rak Thomsens-magasín, nútímalegasta vöruhús á Íslandi og vísi að heildverslun, með því að útvega smáverslunum vörur. Um og eftir aldamótin fór svo að halla undir fæti hjá þessum selstöðverslunum. Niðurstaða heimastjórnartímans varð hin sama í verslun og í sjávarútvegi. Þrátt fyrir að erlendir fjárfestar höfðu næstum óheftan aðgang að landinu þá voru það innlendir menn,

---

<sup>11</sup> Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun 1874-1918“, bls. 48-49.

<sup>12</sup> Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun 1874-1918“, bls. 54-55.

<sup>13</sup> Guðmundur Jónsson, „Endalok dönsku verslunarinnar á Íslandi“, bls. 92.

hvort sem þeir voru fæddir Íslendingar eða aðfluttir, og innlend fyrirtæki sem báru uppi atvinnulíf hins nýja tíma á Íslandi.<sup>14</sup>

Danska stjórnin var algerlega einvöld í fjárhagsmálum Íslendinga og þó að Alþingi hafi rætt fjárhagsáætlanir stjórnarinnar var það aðeins ráðgjafarvald í fjárhagsefnum eins og öðrum löggjafarmálum. Þegar stjórnarskráin kom út 1874 breyttist þetta, fjárhagur Íslands og Danmerkur var skilinn að og danska ríkisþingið afsalaði sér afskipum af fjármálum Íslands. Með stjórnarskránni fékk Alþingi löggjafarvald og um leið fjárforræði með konungi. Engan skatt mátti leggja á eða afnema nema með heimild í fjárlögum eða fjárukalögum. Ríkisstjórnin samdi frumvarp til fjárlaga fyrir næstu tvö ár og lagði fyrir Alþingi hverju sinni. Fjármálin voru þungamiðja stjórnmalanna uns stjórnarskrármálið tók við á níunda tug aldarinnar. Framlag úr ríkissjóði Dana og skattar voru helstu tekjustofnar landssjóðs, en tollar voru alla tíð langhæsti tekjuliðurinn og færðu landssjóði meira en helming tekna sinna.<sup>15</sup>

Ríkisstjórnin fylgdi eftir mikilli sparnaðarstefnu, sem sést best þegar athuguð er útgjaldahliðin á reikningi landssjóðs. Menn vildu sýna gætni í fjármálum fyrstu árin eftir að þjóðin hafði fengið eigin fjárhag og Alþingi fjárforræði, einnig var stjórn landsins íhaldssöm og áhugalaus um að stofna til nýrra framkvæmda. Meðan sparnaðarstefnan ríkti á Alþingi rann mestur hluti útgjaldanna til launagreiðslna embættismanna. Eftir 1890 tók að gæta breytinga í fjármálastefnu Alþingis því áhuginn á framkvæmdum varð yfirsterkari þeirri tilhneigingu að safna í sjóði. Þegar Íslendingar tóku við eigin fjármálum var þjóðin langt á eftir í mennta- og heilbrigðismálum. Atvinnuvegirnir voru frumstæðir og gáfu þar af leiðandi lítið af sér. Tvær leiðir hafa verið nefndar svo komast megí af við þessar aðstæður. Önnur er að spara og sætta sig við fátæktina; hin er að þróa atvinnumál þjóðfélagsins í átt til þess sem tíðkast í grannlöndum.<sup>16</sup>

---

<sup>14</sup> Helgi S. Kjartansson, *Ísland á 20.öld*, 53-54.

<sup>15</sup> Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun 1874-1918“, bls. 221.

<sup>16</sup> Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun 1874-1918“, bls. 225-6.

## Ditlev Thomsen

Thomsens-magasín er með frægari verslunum sem starfræktar voru á Íslandi á þessum tíma. Verslunin var stofnuð árið 1837 af Ditlev Thomsen eldri (f.1803-d.1857), dönskum kaupmanni sem kom til Íslands frá Suður-Jótlandi ungur að árum og hóf sinn feril sem verslunarþjónn í Keflavík. Á þeim tíma náði hann að vinna sig upp í stöðu verslunarstjóra (faktors) og stjórnaði verslun í Keflavík í 10 ár áður en hann fluttist til Reykjavíkur og stofnaði sitt eigið fyrirtæki sem hann kallaði Thomsens búð. Fyrirtækið óx og dafnaði undir stjórn þriggja kynslóða á árunum 1837-1915.<sup>17</sup> Síðasti eigandi var Ditlev Thomsen yngri (f.1867-d.1935).

Ditlev Thomsen yngri fæddist á Íslandi árið 1867 og menntaði sig bæði í Reykjavík og Kaupmannahöfn. Ditlev var víðförull maður og hafði starfað í Englandi og Þýskalandi sem og lært til verslunar við Eyrarbakka. August Thomsen faðir Ditlevs lést árið 1899 og tók Ditlev þá alfarið við búðinni en þeir feðgar höfðu verið meðeigendur frá 1895. Ditlev var lærður í verslunarfagi og vel undirbúinn fyrir þetta verkefni. Hann gerði margar umbætur á versluninni. Heiti hennar var breytt í Thomsens-magasín og fyrirtækinu var skipt í deildir, vörurnar lagðar á marmaraplötu og veggir flísalagðir. Slíkt hafði ekki sést fyrr á Íslandi, og sýndi Ditlev með þessu hversu framsækinn hann var. Á nokkrum árum tvöfaldaðist veltan. Nafn fyrirtækisins var málað á alla vagna og hús í eigu Thomsens-verslunarinnar en Ditlev hafði þá sett á laggirnar ýmis verkstæði eða verksmiðjur sem framleiddu vörur fyrir magasínið. Ditlev var félagsmálafrömuður og framsýnn maður en setti alltaf þau verkefni í forgang sem horfðu til framfara. Meðal annars studdi hann vel við bakið á íslenskum listamönnum. Auk þess kom hann upp skipbrotsmannaskýli við Skeiðarársand, og m.a. átti áhöfn þýska togarans Wuttembergs honum líf sitt að launa þegar skipið strandaði þar árið 1906. Árin 1895-1896 hafði Alþingi forgöngu um stofnun skipaútgerðar, og var Ditlev ráðinn forstjóri. Farmgjöld Hins sameinaða danska gufuskipafélags þóttu of há og ferðir þess ekki nógu tíðar. Hin íslenska skipaútgerð, sem Ditlev stýrði, knúði danska félagið til þess að breyta ferðaáætlunum og ferðatíðni sinni.<sup>18</sup>

---

<sup>17</sup> Steen Thomsen, „Thomsensverslun í þrjár kynslóðir“ bls. B 4.

<sup>18</sup> Steen Thomsen, „Thomsensverslun í þrjár kynslóðir“ bls. B 10.

Framsæknin var hans helsta aðalsmerki á hans yngri árum og urðu flestir þess varir að hann hugði á endurbætur og framfarir í sem flestum greinum. Hann var mjög áræðinn og ávallt fús til að reyna nýjar leiðir. Kom það ekki síst í ljós þegar hann breytti öllu fyrirkomulagi verslunar sinnar og skorti þar hvorki hugkvæmni, dugnað né áræðni. Helsta áhyggjuefni hans var framgangur verslunar og menntun íslenskrar verslunarstéttar, en áhugi hans beindist einnig að margvíslegum félagsmálum og sýndi hann oft mikla rausn er hann vildi koma einhverju í framkvæmd.<sup>19</sup>

## Thomsens-magasín og Ditlev

Eftir að Ditlev Thomsen yngri tók við rekstri verslunarinnar af föður sínum var hann fullur af framkvæmdagleði. Honum gekk mjög vel, var um tíma með ríkustu mönnum á Íslandi og má segja að tímabilið frá upphafi verslunarrekstrar hans til ársins 1910 hafi verið gullöld fyrirtækisins, þó svo að verslunin hafi vissulega staðið í blóma frá 1890. Á þessum tíma tíðkaðist það að kaupmenn seldu margvíslegar vöruhegundir, og íslenskar framleiðsluvörur voru keyptar til sölu erlendis. Viðskiptin voru aðallega í reikning. Bein peningaviðskipti voru minni, sem bauð upp á mikla áhættu.<sup>20</sup> Eftirstöðvar eða útistandandi skuldir voru töluverðar. Í árslok 1902 voru þær 174.730 kr. og í árslok 1910 207.390 kr. Útistandandi skuldir voru samt tæpast mælikvarði á vöxt og viðgang Thomsenverslunarinnar, heldur var líklegra að versnandi hagur viðskiptamanna kæmi fram í auknum skuldum við verslunina. Einnig var lánapolítíkin breytileg og hafði sín áhrif á eftirstöðvar skulda. Eftirstöðvarnar gefa okkur ekki nákvæma mynd af því hver hagnaðurinn hefur verið en eru samt sem áður vísbending á vöxt fyrirtækisins. Ditlev yngri endurskipulagði allan rekstur þegar hann tók við 1899. Ditlev dró mjög úr starfseminni árin 1910-1911 sakir erfiðleika árin á undan. Nýir og þjóðernissinnaðir straumar flæddu um Ísland á þessum tíma og áleit nýr Landsbankastjóri, sem Björn Jónsson nýskipaður ráðherra útnefndi, að það væri ekki verkefni Landsbankans að fjármagna gamla verslun sem hann áleit vera í danskri eigu, þó Ditlev væri fæddur og

<sup>19</sup> S.P. Sívertsen, „Dethlef Thomsen“, bls. 5.

<sup>20</sup> Steen Thomsen, „Thomsensverslun í þrjár kynslóðir“, bls. B 4.

uppallinn á Íslandi. Dreigið var úr láanafyrirgreiðslu til Ditlevs og þess var farið á leit að hann yrði sér úti um bankafyrirgreiðslu erlendis.<sup>21</sup>

## Verslunarerindreki

Útflutningur frá Íslandi hafði ekki gengið vel og almennt var lítil þekking á mörkuðum erlendis hjá kaupmönnum landsins. Þar sem Ísland hafði fengið verslunarfrelsi frá Dönum árið 1855 voru íslenskir kaupmenn nýgræðingar í þessum málum. Bein peningaviðskipti voru lítil og hafði það mikil áhrif á kaupmennsku á Íslandi. Lítið var vitað um það hvernig best væri að vinna vörur og koma þeim á markað í Evrópu, því Danmörk hafði yfirleitt verið milliliður hjá íslenskum kaupmönnum. Altalað var að á Ísland væri þekking af skornum skammti og var talsverð óánægja í mörgum landsmönnum. Þó að lengi hafði verið rætt um nauðsyn markaðspekkingar og vöruvöndunar, þá var það í verslunar- og bændablaðinu *Fjallkonunni* sem fyrst var talað um nauðsyn þess að kynna sér markaði fyrir íslenskar vörur í ýmsum löndum og óskað eftir að Alþingi veitti fé til þess verkefnis.<sup>22</sup>

Alþýðan á Íslandi bjó við þröngan kost. Mikil tækifæri voru í boði sem ekki höfðu verið könnuð. Landshöfðingjar höfðu verið íhaldssamir og tregir til breytinga sem þó var þörf á. Verslunarmálanefnd Alþingis hafði sent tillögu til þingsins í kjölfar umræðna meðal almennings og í verslunarmálanefnd um verslun og mikilvægi hennar. Ditlev Thomsen sá sig knúinn til að kanna aðstæður fyrir íslenskar vörur á erlendum mörkuðum. Honum þótti of mikil fáfræði ríkja hjá kaupmönnum, og miðað við þekkingu hans á markaðsmálum í Danmörku vissi hann að tækifærin voru fyrir hendi. Þegar málið kom á dagskrá Alþingis ákvað Ditlev að taka þátt í þessu verkefni. Þótt Íslendingar flyttu út ýmsan varning þá þurfti margs að gæta varðandi vöruvöndun og hugsanlegar breytingar á útflutnings- og innflutningstollum. Ditlev var í raun kjörinn í þetta verkefni. Hann var mjög framsækinn og bjartsýnn maður sem hafði mikla reynslu af kaupmennsku og myndi því fljótt átta sig á því hverju væri ábótavant í utanríkisverslun Íslands. Hugmyndin var fyrst og fremst sú að skoða markaðshorfur fyrir íslenskar afurðir.

---

<sup>21</sup> Steen Thomsen, „Thomsensverslun í þrjár kynslóðir“, bls. B 11.

<sup>22</sup> Ónefndur, „Ónefnt“ bls. 25.

Reyndar kom sú tillaga fyrst frá dagblöðum Þjóðarinnar, eins og *Fjallkonunni*, að veitt yrði fjárframlagi á fjárlögum hvers árs til að standa straum af föstum launakostnaði starfsmanns sem fylgdist með og sinnti mörkuðum fyrir íslenskar vörur. Alþingi synjaði þeirri beiðni, en áleit happadrygra að veita ungum og efnilegum kaupmanni í bænum fjárstyrk til slíkra verkefna.<sup>23</sup>

Verslunarmál Íslands voru mörgum áhyggjuefni. Þorlákur Guðmundsson alþingismaður talaði um að verslun yrði að komast í betri lag. Ísland væri fjarri heimsmarkaðnum og enginn fréttapráður tengdi landið við önnur lönd. Skuldaverslun væri mikil landplága. Verslunarmál væru þýðingarmikil, og þyrftu að fá umfjöllun í nefnd.<sup>24</sup> Margir þingmenn studdu þessa uppástungu um nefnd vegna verslunarmálsins. Á Íslandi væru framleiddar vandaðar vörur en þjóðin alltaf jafn fátæk. Ljóst væri að verslunar- og viðskiptamál væru ekki í góðum farvegi og mætti kenna vöruskiptaviðskiptum að miklum hluta um. Bogi Melsteð var sammála Jóni Jónssyni um nauðsyn verslunarerindreka og ræddi kostnað við slíkt embætti. Hann taldi ekki rétt að senda mann utan og láta hann lifa eins og hvern annan verkamann. Það þyrfti helst að launa honum eins og konsúlum erlendis. Í Danmörku voru laun erindreka um 6.000 kr. á ári en í Englandi og Frakklandi helmingi hærri upphæð.<sup>25</sup> Alþingi skiptist í tvennt um afstöðu til þessa embættis. Minnihlutanum fannst þetta vera hrein peningasóun og engin niðurstaða yrði úr ferð erindreka, en meirihluta þingsins fannst þetta vera tækifæri til þess að horfa til framtíðar í verslun, sem hafði ekki skilað nógu af sér í þjóðarbúið. Í fjárlögum 1893 var ákveðið að veita Ditlev Thomsen ferðastyrk til að skoða erlenda markaði og fengi hann greiddar 1800 krónur árið 1894. Þetta var greinilega mjög lág upphæð, eða eins og Ditlev segir sjálfur í *Ísafold* að þegar hann var hálfnaður með fyrri ferð sína þá áttaði hann sig á því að þessi ferð myndi kosta hann 900-1000 krónur framyfir það sem þingið hafði veitt honum í farareyri.<sup>26</sup>

Verslunarmálanefnd fannst nauðsynlegt að fá sem bestar upplýsingar um það á hvaða erlendum mörkuðum væri helst hægt að selja íslenskar vörur með hagnaði. Ditlev Thomsen hafði þá boðið verslunarmálanefnd að ferðast víða um lönd og kynna sér hvar bestir markaðir væru fyrir íslenskar vörur. Hann segir í bréfi sem hann sendi Alþingi að niðurstöður

<sup>23</sup> Ditlev Thomsen, „Markaðir fyrir íslenskar vörur í útlöndum“, bls. 81.

<sup>24</sup> Alþingistíðindi 1893 B, d. 82.

<sup>25</sup> Alþingistíðindi 1893 B, d. 97.

<sup>26</sup> Ditlev Thomsen, „Ferðapistill“, bls. 26.



ferðarinnar yrðu kynntar vel. Birtar yrðu tölur um allan innflutning á íslenskum framleiðsluvörum til viðkomandi lands eftir sölustöðum, allan ársins hring. Einnig yrðu í skýrslunni lýsingar á varningi sem fluttur væri inn frá öðrum löndum til viðkomandi lands. Í skjali sínu til Alþingis útskýrir hann tilgang og stefnu þessa verkefnis. Hann ætlar út fyrir landsteina til þess að kynna sér sölu íslenskri framleiðslu – til hagsbóta fyrir þjóðina.<sup>27</sup> Jens Pálssyni þingmanni í neðri deild fannst þetta góð hugmynd og taldi 1800 króna gjald fyrir verkefnið vera litla upphæð miðað við hver árangurinn gæti orðið. Þótt 1800 krónur hafi talist lág fjárhæð miðað við væntanlegan ábata, þá þótti mörgum of mikið greitt. Jón A. Hjaltalín þingmaður minnti á í umræðu á Alþingi að svona ferð hafi verið farin áður. Þar var á ferð maður úr N- Þingeyjarsýslu, en hann hafði ekki haft erindi sem erfiði. Ekki hafði komið til styrkur frá ríkinu, og verður komið að því síðar. Einnig var Jón í miklum vafa um árangur Ditlevs, því hann væri bæði ungur og óreyndur og því alls ekki tilvalinn í þetta verkefni.<sup>28</sup> Magnús Stephensen landshöfðingi hafði einnig miklar efasemdir um ferðina, en hans rök voru þau að þjóðir eins og Noregur væru með fullkomnar skýrslur um svona verslunarmál og hlyti því að vera best að leita til Norðmanna í svona vanda. Hann var því ekki hlynntur styrkveitingu.<sup>29</sup>

Margir fordómar komu fram í umræðunni um þetta mál. Meðal annars voru margir þingmenn mótfallnir því að Ditlev færi utan, því hann væri Dani en ekki Íslendingur. Eða eins og Jón Jakobsson komst að orði, þá taldi hann Ditlev vera einfaldlega of ungan og óreyndan og nokkuð eigingjarnan. Myndi hann því fyrst og fremst leita að mörkuðum sem hentuðu honum sjálfum. Sagði hann verkefnið algjöran óþarfa því Ísland hefði umboðsmann pöntunarfélaga í Englandi og að fullnægjandi skýrslur frá Noregi væru alltaf fyrirleggjandi. Minntist hann einnig á Norður-Þingeyinginn, en sá hafði farið til Englands að kynna sér ullarsölu og leita að ullarmörkuðum. Árangur hans var enginn nema að hann gaf út bækling með fróðleik sem allir vissu fyrir.<sup>30</sup> Kaupmannastéttinni leist heldur ekkert á þessa ferð og efaðist um árangurinn, og voru einnig andvígir því að þessi einstaklingur, þ.e. Ditlev, tækist svona ferð á hendur á kostnað þjóðarinnar. Erfitt er að finna skýringar á þessum mótmælum nema kannski afbrýðissemi, því Thomsens-verslun hafði staðið mjög framarlega í

---

<sup>27</sup> Alþingistíðindi 1893 B, d. 1606.

<sup>28</sup> Alþingistíðindi 1893 A, bls. 840.

<sup>29</sup> Alþingistíðindi 1893 A, bls. 832.

<sup>30</sup> Alþingistíðindi 1893 B, d. 2043.

verslunarmálum á Íslandi. Nú væri erindreki verslunarinnar sendur erlendis til þess væntanlega að skoða markaði sem hentuðu honum og hans félögum best. Kaupmenn vildu einfaldlega ekki trúá á heiðarleika Ditlev Thomsens. Um og eftir aldamótin blés mjög á móti danskættuðum kaupmönnum því á tímum sjálfstæðisbaráttunnar var andrúmsloftið fullt af þjóðernishyggju. Orðspor dönsku einokunarkaupmannanna var ennþá í fersku minni verslunarstéttarinnar og átti ríkan þátt í andúð á kaupmönnum yfirleitt.<sup>31</sup>

En ekki voru allir neikvæðir í garð þessarar ferðar. Margir töldu hana einfaldlega hið eina sem gæti hjálpað íslenskri þjóð til þess að rétta úr kútnum – eða að minnsta kosti reyna það. L. E. Sveinbjörnsson þingmaður efri deildar Alþingis var mjög vongóður um þessa ferð Ditlevs, hún hlýti að vera hagkvæm og af henni gæti leitt margt gott fyrir þjóðina. Hann taldi skýrslur Noregs ekki fullnægjandi því þar hagaði öðruvísi til en á Íslandi. Verslunaraðferðir, útbúnaður og verslunarvörur gætu verið allt öðruvísi, t.d. væri ull ekki meðal helsta útflutningsvarnings þeirra, heldur timbur, sem væri ekki á blaði í verslun Íslendinga. Markmiðin væru ólík og ekki hægt að nota skýrslur Noregs. L.E. Sveinbjörnsson virðist hafa átt gott tal við Ditlev, því hann lýsir á þinginu ferðaáætlun og markmiðum Ditlevs og leggur áherslu á mikilvægi ferðarinnar fyrir Ísland.<sup>32</sup> Klemens Jónsson tekur í sama streng og er sammála þessari styrkveitingu. Hann er ósammála Jóni Jakobssyni og Magnúsi Stephensen og bendir á að í Noregi séu tíðari og greiðari ferðir en hjá Íslendingum; einnig flytji Norðmenn fiskinn ferskan meðan Íslendingar þurfi að salta hann.

Þingmenn skiptust í tvo hópa. Annar hópurinn var á því máli að styrkveitingin væri æskileg og til hins betra fyrir land og þjóð. Hinum hópnum fannst þetta peningasóun. Auðveldara er að gagnrýna en að koma með lausnir, og það átti við í þessu tilviki. Allir þingmenn gerðu sér grein fyrir alvarleika í stöðu verslunar á Íslandi, en voru smeykir gagnvart breytingum, eins og að nota skýrslur Noregs sem mælikvarða í stað þess fá niðurstöður frá sjálfstæðum erindreka í nafni Íslands. Niðurstaða þingsins var sú að samþykktur var styrkur fyrir Ditlev Thomsen að upphæð kr. 1800, sem hann fengi árið 1894. Fyrir féð færi Ditlev um Evrópu og safnaði upplýsingum um erlenda markaði. Eftir að tillagan hafði verið samþykkt, kom tvívegis upp á Alþingi umræða um að afturkalla styrkinn. Ljóst var að menn voru ekki á einu máli. En allt

---

<sup>31</sup> Guðmundur Jónsson, „Endalok dönsku verslunarinnar á Íslandi“, bls.109-110.

<sup>32</sup> Alþingistíðindi 1893 A, bls. 842-4.

kom fyrir ekki, styrkurinn var veittur, og Íslendingar brugðust þannig við til þess að reyna að bæta hag sinn heima fyrir.

## Fyrri ferð Ditlevs Thomsen

Alþingi var greinilega tvístígandi með þessa styrkveitingu. Sumir voru á því að mikil þörf væri á markaðskönnun fyrir Ísland meðan aðrir sögðu þingið vera kasta peningum á glæ. Þó svo að Ditlev Thomsen væri Dani þá var hann einfaldlega færastur og jafnframt áhugasamastur um þessi málefni. Á Íslandi voru margir ósáttir við Dani og átti sjálfstæðisbaráttan hug flestra ef ekki allra, og því fannst sumum þingmönnum, sem og kaupmönnum, að danskur kaupmaður ætti ekkert erindi utan að skoða markaði fyrir íslenskar vörur. En meðan enginn annar hafði átt frumkvæði að slíkri ferð, og hann var mjög áhugasamur, þá var lítið annað í stöðunni en að senda þennan Dana utan fyrir Íslands hönd.

Ditlev Thomsen varð fyrir valinu, og hinn 14. sept 1893 lagði hann af stað frá Reykjavík til Granton í Skotlandi. Hann skrifaði eftir för sína ítarlega skýrslu til landshöfðingjans sem og dagblaða á Íslandi. Í skýrslunni var fjallað um sölu á íslenskri vöru í ýmsum löndum, einkum Bretlandi, Spáni og Portúgal. Ditlev skipti skýrslunni í kafla, fyrst kom stutt ferðalýsing og því næst þáttur um hverja vörutegund fyrir sig. Þegar hann kom til Kaupmannahafnar hafði íslenska ráðuneytið gert fyrir hann erindisbréf til danska utanríkisráðuneytisins, og skyldi það birtast öllum konsúlum Danaveldis.<sup>33</sup>

Þótt Bretland, Spánn og Portúgal væru fyrstu áfangastaðir Thomsens þá átti hann líka að skoða markaði í öðrum löndum, þótt lítið væri selt þangað. Hann fór því á alla þá staði sem seldu íslenskar vörur eða væru líklegar til þess; til Englands, Skotlands, Írlands, Frakklands, Spánar, Portúgal og Ítalíu. Ditlev fór því miklu víðar yfir en skilyrði þingsins kváðu á um. Skýrsla hans var ítarleg og vel unnin og er þar nákvæmlega skýrt frá hvernig sölu á íslenskum vörum var háttað í hverju landi og á hverjum sölustað fyrir sig. Tiltekin voru öll atriði í söluferlinu, og skoðaði Ditlev einnig hagfræðiskýrslur og markaðsskýrslur til þess að fá

---

<sup>33</sup> Ditlev Thomsen, „Sala á íslenskri vöru í ýmsum löndum“, bls 162-3.

upplýsingar um söluverð, kostnað, s.s. tolla og fleira, og hvernig mætti auka verslun með íslenskar vörur á þessum stöðum svo að hægt væri að koma þeim í sem hæst verð.<sup>34</sup>

Hér á eftir er stuttlega gerð grein fyrir skýrslu Thomsens um förina. Fyrsti kafli er um saltfiskinn. Nefnir Ditlev þar hinar ýmsu saltfisktegundir sem valda samkeppni við íslenskan saltfisk á mörkuðum og hvernig saltfiskurinn er svo verkaður. Samkvæmt opinberum skýrslum nam útflutningur á íslenskum saltfiski á þessum tíma rétt undir 15 milljónum punda árlega og var mest selt til Spánar.<sup>35</sup> Á Englandi var saltfiskur lítið keyptur, því þar er lítil eftirspurn eftir saltfiski, e.t.v. vegna þess hve auðvelt Englendingar eiga með að ná í nýjan fisk. Í Suður-Englandi var einna helst sóst eftir saltfiski, en aðallega þeim er Labradorfiskur nefnist, en hann er linur og þurr og kemur frá Norð-austur Kanada. Íslenski saltfiskurinn gæti þó selst vel á Suður-Englandi og víðar á tímabilinu frá maí til september, en vill þá Ditlev að gerðar séu tilraunir með verkunina; fiskur sem hefur legið 6 mánuði í salti er tilbúinn þegar búið er að bursta af honum laust salt. Enskur kaupmaður hafði keypt hálfverkaðan saltfisk frá Akranesi, en hann geymdist illa og beið kaupmaðurinn mikinn skaða af. Í Skotlandi er neysla á innfluttum fiski frekar lítil, því eins og Englendingar eiga þeir mjög auðvelt með að ná í nýjan og ferskan fisk. Þeir eru einnig í harðri samkeppni við markaði Íslands. Fiskneysla er mjög svipuð hjá þessum þjóðum. Á Írlandi er mest borðað af fiski í suðurhluta landsins en þar er kaþólsk trú almennust. Þeir kaupa fisk af Íslendingum, en þó er verslun þeirra mjög bundin við enska og skoska kaupmenn. Þeir kjósa því heldur að fá smásendingar af fiski frá Englandi og Skotlandi. Innlendir kaupmenn eru félitlir og geta ekki keypt miklar birgðir.<sup>36</sup>

Frakkar neyta mikils af saltfiski og veiddu mikið sjálfir, þannig að Íslendingar höfðu litla solumöguleika þar. Frakkar veiddu á eigin miðum, á Íslandsmiðum, kringum Nýfundnaland og víðar. Þeir voru því skæðustu keppinautarnir á mörkuðum á Spáni og Ítalíu því þeir buðu upp á svipaðan fisk, en fiskiveiðar þeirra, verkunarmáti og fiskverslun var betri en okkar Íslendinga. Ekki gengur því að selja fisk til Frakklands auk þess sem innflutningstollar þeirra voru háir. Þetta háa verð sem Frakkar buðu mörkuðum knúði Íslendinga til þess að kanna hvort vor þjóð gæti fengið sama háa verð og Frakkar fengu fyrir sinn fisk. Spánn hefur lengið verið aðalmarkaður fyrir íslenskan saltfisk og fer kaupþörfin þar vaxandi. Á tímabili leit út fyrir að Frakkar myndu eigna sé þennan markað að miklu leyti og bola Íslendingum burtu en

<sup>34</sup> Ditlev Thomsen, „Markaðir fyrir íslenskar vörur í útlöndum“, bls. 81.

<sup>35</sup> Ditlev Thomsen, „Sala á íslenskri vöru í ýmsum löndum“, bls. 164-5.

<sup>36</sup> Ditlev Thomsen, „Sala á íslenskri vöru í ýmsum löndum“, bls 166-75.

tollastríð milli landanna kom í veg fyrir það. Á Spáni er fiskurinn nær allur innfluttur því Spánverjar verka engan fisk sjálfir. Íslenski saltfiskurinn kom þó þangað á verulega óhentugum tíma og allur í einu, yfirleitt í september og október og er hann seldur til neytenda undir eins. Á þessum tveimur mánuðum er alltof mikið af saltfiski á markaði og verðið fellur því mjög fljótt, en allan annan tíma ársins sést varla íslenskur fiskur. Þessu þarf að breyta, það á að senda fiskinn í smáum sendingum í einu. Ennfremur væri æskilegt að íslenskur saltfiskur væri fluttur á gufuskipum. Eitt dæmi um það hvað Ísland var aftarlega á mörkuðum var hversu illa upplýstir Íslendingar voru um erlenda markaði hve illa erlendir markaðir voru upplýstir um fiskveiðar frá Íslandi. Dæmi er að í Barcelona á Spáni fá kaupendur nákvæmar skýrslur um veiðina og eftir því haga þeir verðinu og kaupum sínum. Frá Íslandi berast ógreinilegar fréttir og þegar kaupmenn hafa brennt sig einu sinni á erfiðum verslunarháttum vilja þeir ekki lenda í því aftur.<sup>37</sup>

Í Portúgal telur Ditlev vel hægt að selja fiskinn á hærra verði ef hann væri betur unninn. Bæði á Spáni og í Portúgal eru kaupmannafélög sem hafa fiskverslunina í sínum höndum og verður því að eiga viðskipti við kaupmenn sem ekki eru í þeim félögum. Reiðufé lá ekki á lausu í þessum löndum; sömuleiðis var gull og silfur sjaldséð. Allt er greitt með pappírspeningum og kopar. Þrátt fyrir þetta selst fiskurinn vel, en gera má þó mun betur í þeim efnum af hálfu Íslendinga. Á Ítalíu var mikill uppgangur í sölu á íslenskum saltfiski. Ditlev talar um stórkostlegan markað og leggur til að sendur verði duglegur maður til Livorno til að hafa á hendi umboð fyrir seljendur og ryðja versluninni braut.<sup>38</sup>

Kaflarnir sem koma á eftir eru aðallega um hesta, sauðfé, lýsi, hrogn og fleira. Segir þar æskilegt að koma skuli á útflutningi á nýjum fiski í Ís. Í London er stór markaður fyrir hesta, því íslenski hesturinn er smár vexti og gjanan notaður sem reiðhestur fyrir börn. Ditlev varar þó við því að flytja út hesta sem eru gráir eða mislitir. Þá er kafli um saltað sauðakjöt og þar næst um ullina, í Englandi væri aðalmarkaður ullarinnar. Ditlev vill þó skoða þann kost að senda óþvegna ull beint til Ameríku því þangað selst ullin mest, á meðan Englendingar vilja þvegna og hreinsaða ull og flokkaða eftir gæðum. Eins og sjá má af þessum fáu atriðum sem hér er dregið á, er skýrsla Ditlevs mjög fróðleg og segir frá mörgu sem íslenskir kaupmenn og

---

<sup>37</sup> Ditlev Thomsen, „Sala á íslenzkri vöru í ýmsum löndum“, bls 175-202.

<sup>38</sup> Ditlev Thomsen, „Sala á íslenzkri vöru í ýmsum löndum“, bls 202-25.

fleiri hefðu getað gert fyrir íslenska verslun.<sup>39</sup> Lítið var minnst á umbætur, því nú var vitneskja fyrir hendi en lítið fjármagn. Ekki gekk eins vel með útflutning og vonast hafði verið eftir, því skipafloti Íslendinga var enn lélegur stuttu eftir að þessi skýrsla kom út, og mikill skortur á kæli- og frystirýmum.

## Seinni ferð Ditlevs Thomsen

Ditlev var aðeins tæpa fimm mánuði á fyrri ferð sinni um Evrópu að skoða markaðshorfur fyrir Íslendinga og var kominn aftur til Kaupmannahafnar 1. febrúar 1894. Þá hafði hann skoðað markaði og kannað skýrslur konsúlanna (aðallega hinna norsku og dönsku) sem gætu hjálpað Íslendingum að bæta utanríkisverslunina. Í fyrri ferð sinni skoðar hann helst markaði fyrir saltfisk; vinnsluna og söluna. Ditlev skoðaði einnig markaði fyrir íslensku ullina, fé, hross og fleira. Hann skrifaði fjölda greina í dagblöð á Íslandi og lýsti helstu mörkuðum í Evrópu. Kaupmenn á Íslandi fengu þá í fyrsta sinn innsýn í evrópskan verslunarheim, sem var orðinn mjög mikilvægur og tengdur lífsskilyrðum og þjóðarveltu hvekkar þjóðar. Ditlev gaf landshöfðingjanum Magnúsi Stephensen ítarlega skýrslu um ferð sína sem síðar yrði kynnt á þingi.

Ditlev Thomsen gerðist árið 1895 meðeigandi að verslun föður síns og tók alfarið við árið 1899 eftir andlát hans. Árið 1896 var honum boðið að gerast þýskur konsúll á Íslandi, sem hann þáði og gegndi því starfi samhliða kaupmennskunni meðan hann dvaldi á Íslandi.

Útflutningur á lifandi sauðfé tók dragast saman árið 1896, en mest af sauðfénu var selt til Englands. Þetta sama ár voru samþykkt lög á Bretlandi sem bönnuðu allan innflutning á lifandi sauðfé frá Íslandi. Sauðfjármarkaðir á Bretlandi voru Íslendingum mikilvægir því fjársalan til Englands var ein af helstu tekjulindum landbúnaðarins. Gæti það þýtt gífurlegt efnahagslegt tjón ef ekki yrði fundinn nýr markaður fyrir sauðfé. Erfitt var að rækta korn á Íslandi og keyptu bændur það oftast í skiptum fyrir sölu á sauðfé. Eins og áður segir var Ditlev orðinn meðeigandi föður síns árið 1895. Þeir réðu því yfir einni af stærstu verslunum Íslands og þýddi þetta bann mikið tap fyrir þá sem og helstu verslanir landsins. Þetta var kveikjan að því að Ditlev ákvað að fara aðra ferð til Evrópu. Nú fór hann fyrst og fremst með

---

<sup>39</sup> Ditlev Thomsen, „Markaðir fyrir íslenskar vörur í útlöndum“, bls. 81-2.

landbúnaðinn í huga, og hóf ferð sína veturinn 1896 í leit að nýjum mörkuðum í Evrópu. Hann ætlaði að fara á eigin kostnað og skipulagði ferð til Þýskalands, Hollands, Belgíu og Frakklands, því ekki hafði fengist fjárstyrkur frá þinginu. Hins vegar fékk hann meðmælabréf frá utanríkisráðuneytinu sem og hinu konunglega danska landbúnaðarfélagi. Þótt þessi ferð hans væri aðallega farin vegna vandræða landbúnaðarins á Íslandi, þá skoðaði hann einnig söluhorfur á íslenskum fiski.<sup>40</sup>

Í skýrslu Ditlevs, sem birtist í tímaritinu *Andvara*, ítrekar hann þýðingu fjársölnunnar fyrir Íslendinga. Nefnir hann hve margvíslegar breytingar bændur geta gert á lifnaðarháttum sínum og verslun. Finnst ágætt að bændur taki að nota meira eigin lambakjöti fremur en erlent korn, en fjármagn sem bændur fá fyrir sölu á sauðfé sé nauðsynlegt. Greiða þurfi opinber gjöld og endurgjalda lán svo unnt verði að halda áfram ýmsum endurbótum, eins og t.d. húsabyggingum og jarðabótum. Áður fyrr hafi öllu fé verið slátrað á Íslandi og það flutt út sem saltkjöt, en sú verslun var ekki nærri eins arðsöm og að senda út lifandi sauðfé. Flestir markaðanna óska eftir frosnu kjöti, því þá helst það ferskara og auðveldara er að vinna betur úr því. Ditlev segir Ísland skorta allan útbúnað til þess að geta sent út freðið kjöt. Ef þessi fjársala gengi ekki eftir væri hætt á því að allar jarðeignir á Íslandi gætu fallið í verði þegar ekki er hægt að selja afurðir þeirra. Allir þeir sem hafa tekjur af landbúnaði verða fyrir talsverðum tekjumissi þegar útflutningur á sauðfé hættir skyndilega.<sup>41</sup> Þetta var mikilvægt málefni fyrir verslun og bændur á Íslandi, og af þeim sökum fór Ditlev öðru sinni í leiðangur til Evrópu. Hann fékk engan fjárstyrk, og Alþingi hjálpaði lítið annað en að veita góð meðmæli til verksins.

Nú verður sagt frá seinni ferð Ditlevs og skýringum hans og skilningi á stöðu íslensks varnings á mörkuðum erlendis.

Ditlev greinir frá stórum mörkuðum í Frakklandi, en fjáreign Frakka er um 20-23 milljónir dýra. Á hverju ári eru þó fluttar inn hátt í tvær milljónir kinda og ekki munaði miklu þótt smár útflutningur Íslands bættist þar við. Þar hefur nú þegar verið selt íslenskt fé og selst vel, en kostnaður mikill. Ditlev telur best að senda lifandi fé til Dunkerque og selja þar. Sumt færi til slátrunar í París en rýrara féð til Lille þar sem bændur geta keypt það og alið. Miklu skipti að gæta að hreinlæti og hraustleika fjárins, því af lítilvægum athugasemdum getur orðið mikið

<sup>40</sup> Ditlev Thomsen, „Markaðir fyrir lifandi sauðfjenað og saltaðan fisk“, bls. 189-90.

<sup>41</sup> Ditlev Thomsen, „Markaðir fyrir lifandi sauðfjenað og saltaðan fisk“, bls. 191-93.

mál. Englendingar höfðu t.d. kvikfjársjúkdóma að yfirvarpi vegna innflutningsbanns þangað, og er því afar mikilvægt að senda héðan heilbriggt fé. Frakkar heimta nú heilbrigðisskírteini með fénu, og þarf því skoðunarvottorð dýralæknis áður en hægt er að senda það úr landi, sér í lagi ef það á að fara til Frakklands. Ditlev álítur varasamt að senda féð til Frakkland á reikning þjóðarinnar, því þar er umboðssala, og umboðsmenn reikna kostnaðinn misjafnt. Zöllner í Newcastle sem var oft á tíðum milliður Íslendinga í fjársölu til Englands hefur gert ýmsar tilraunir til þess að senda íslenskt fé til Frakklands en lent í misgóðum umboðssmönnum þar. Ditlev fann engu að síður stærstu og áreiðanlegustu verslunarhús sem taka að sér umboðssölu á fé og var ánægður með viðskiptahorfur. Hann taldi þó best fyrir Íslendinga að hafa eigin milligöngumann, og þar sem viðskiptin við Englendinga höfðu gengið vel fyrir bann, taldi hann gott að fá herra Zöllner til verksins. Vonar Ditlev að viðskipti Íslands við Frakkland verði eins farsæl og þau voru við Englendinga, þótt ekki megi búast við eins háu verði fyrir féð þar og í Englandi.<sup>42</sup>

Belgía er eitt þeirra landa þar sem sauðakjöt er uppáhaldsmatur. Þar eru mjög góð skilyrði fyrir fjárinflutning frá öðrum löndum og hefur fjárinflutningur aukist mjög, aðallega frá Þýskalandi, Hollandi og N-Ameríku. Eftir að Ditlev hafði séð þessar skýrslur áleit hann að Ísland gæti gert góða verslun við Belgíu í sauðasölu, en 22. janúar 1897 var sett innflutningsbann á allt það fé sem kom sjóleiðis. Belgar voru mjög hræddir við smit. Þó með þeirri undantekningu að flytja megi inn rýrt fé ef það er eingöngu selt til eldis í Belgíu. Ditlev tókst þó að sannfæra nokkra belgíska kaupmenn að fara til Íslands, kaupa fyrir eigin reikning og taka á sig alla ábyrgð. Miklir möguleikar eru því í Belgíu en menn þurfa að vera klókir til að eiga viðskipti við þá vegna innflutningsbanns og tolla. Í Hollandi er sauðakjöt síður vinsælt. Þar er samt mikil kvikfjarrækt og þjóðverjar flytja töluvert af fé til Hollands. Þar er því slátrað og kjötið selt, aðallega til Englands. Frakkar hafa þó bannað innflutning af kjöti frá Hollandi vegna sjúkdóma fjárins. Mjög vafasamt er því að stofna til markaða á Hollandi.<sup>43</sup>

Frá Þýskalandi er einnig flutt út fé á fæti til annarra landa, helst til Frakklands, en þar er mikil verslun með rýrt fé sem selt er til fitunar á ýmsum stöðum. Ditlev talar um borgina Tönning,

---

<sup>42</sup> Ditlev Thomsen, „Markaðir fyrir lifandi sauðfjenað og saltaðan fisk“, bls. 193-202.

<sup>43</sup> Ditlev Thomsen, „Markaðir fyrir lifandi sauðfjenað og saltaðan fisk“, bls. 202-206.



þar ætti helst að afferma féð því í nánd við borgina væri mikið af stórum mörkuðum. Þó telur Ditlev það ekki góðar horfur að reisa íslenskan fjármarkað í Þýskalandi.<sup>44</sup>

Aðbúnaður sjávarútvegs á Íslandi var ekki nógu góður. Ísland hefur að geyma gjöful fiskimikið sem eru ekki nýtt nógu vel til útflutnings, því eftirspurn er töluverð erlendis. Íslendingar eiga fremur lítil fiskiskip og á þeim eru stundaðar þorskveiðar og hákarlaveiðar. Á árunum 1892-1895 urðu þó ýmsar framfarir. Þilskipaflotinn stækkaði og landsmenn sinntu fiskveiðum í auknum mæli, Ditlev til mikillar ánægju. Frystihús eru mikilvægur partur af sjávarútvegi og þótt framfarir á þessum tíma hafi verið miklar og Íslendingar staðið frammarlega, þá vantaði enn frystihús. Ditlev talar um í skýrslu sinni að hvergi hafi hann rekist á frystihús eins og þau voru á Íslandi. Í öðrum löndum væri þó þróaðri skipakostur, eins og í Danmörku, þar sem Ditlev sá stór eimskip með frystibúnaði. Í þeim skipum er kuldinn ekki framleiddur með ís og salti heldur með kolsýru, og geymist fiskurinn mun betur þannig. Ekki líði á löngu þar til flest lönd í heiminum geti státað sig af þessum aðferðum. Fiski verði landað í frystihús nálægt veiðistað; þaðan er hann svo fluttur með skipum með frystibúnað, varan affermd í frystihús í stórborgum heimsins og seld þaðan. Framfarir voru orðnar svo miklar og Íslendingar máttu ekki sitja eftir í þessum málefnum. Íslendingum hefur gengið vel að koma upp frystihúsum þar sem er byggð. Því þarf að halda áfram og með tíð og tíma kaupa skip með frystibúnaði svo unnt sé að selja íslenskan fisk sem ferskastan.<sup>45</sup> Fiskverkun Frakka og Hollendinga hafði heppnast mjög vel, þótt þeir væru ekki byrjaðir að nýta sér eimskip með frystibúnaði. Þeir verkuðu fiskinn og söltuðu í tunnu. Þetta var fiskverkun sem hafði tíðkast í mörg ár og var mjög ódýr. Samkeppnin við nýja ferska fiskinn var hins vegar erfið, en ekki höfðu allir efni á frystibúnaði og betri skipum. Ditlev latði þá til að það gæti verið heppilegt að læra þess fiskverkun upp á nýtt. Hann leggur til að nokkrir duglegir Íslenskir sjómenn ráði sig á frönsli fiskiskip meðan þau fiska við strendur Íslands. Þannig læra þeir best þeirra aðferð og gætu grætt vel, því Frakkar fá sinn fisk vel borgaðan.<sup>46</sup>

Eftir ferðir Ditlevs til Evrópu var almennur áhugi hjá landsmönnum á verslun og viðskiptum. Meðal annars fór Matthías Þórðarson frá Móum á Kjalarnesi með landssjóðstyrk til Noregs

<sup>44</sup> Ditlev Thomsen, „Markaðir fyrir lifandi sauðfjenað og saltaðan fisk“, bls. 206-07.

<sup>45</sup> Ditlev Thomsen, „Á undan öðrum Evópuþjóðum“, bls 141.

<sup>46</sup> Ditlev Thomsen, „Markaðir fyrir lifandi sauðfjenað og saltaðan fisk“, bls. 214-215.

1904-1905 að kynna sér fiskveiðar og fiskisölu. Aftur fór hann árið 1909 til Spánar og Ítalíu að skoða fiskmarkaði<sup>47</sup>

Fáir virðast hafa kynnt sér skýrslur Ditlevs. Annað hvort höfðu Íslendingar ekki trú á honum sakir þjóðernis hans, eða þeim líkaði ekki nótu vel við upplýsingarnar, því enn var auglýst í dagblöðum eftir erindreka til þess að kanna erlenda markaði.<sup>48</sup>

Undir lok 19. aldar var mikil gróska í utanríkisverslun Íslendinga. Þeir tóku fyrir alvöru að leggja fyrir sig verslun og á skömmum tíma ruddu þeir dönskum kaupmönnum úr vegi og tóku við forystu í viðskiptalífi landsins. Þetta breytta viðskiptaumhverfi gróf smám saman undan samkeppnishæfni dönsku kaupmannana. Eftir að skýrslur Ditlevs birtust urðu ýmsar breytingar í íslensku efnahagslífi þegar grafið var undan forræði Dana í Íslandsversluninni og íslensk verslunarstétt tók á sig mynd. Sterkari tengsl urðu við alþjóðlegt viðskiptalíf með þáttöku erlendra kaupmanna og beinum viðskiptasamböndum við lönd utan Danmerkur, því markaðir Íslands lágu greinilega annars staðar. Var myndun innlendar verslunarstéttar einn af stærstu áföngum í efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar.<sup>49</sup> Sveinn Björnsson segir í Morgunblaðinu 1926 að innlend verslunarstétt væri Íslandi nauðsynleg, en of mikil áhersla væri lögð á verslun með erlendar vörur. Of lítið væri verslað með innlendar framleiðsluvörur. Sveinn segir að enn sé verslun í höndum umboðssala og útlendinga. Bein sambönd Íslendinga við erlenda markaði væru enn of lítil. Ísland er greinilega ennþá á eftir í verslunarmálum. Auglýsa lítið sem ekkert, og enginn tekur frumkvæðið.<sup>50</sup>

---

<sup>47</sup> Pétur J. Thorsteinsson, *Utanríkisþjónusta Íslands og utanríkismál*, Bls. 90.

<sup>48</sup> S.B. Jónsson, „Hin nýja kátverkun“, bls. 59.

<sup>49</sup> Guðmundur Jónsson, „Endalok dönsku verslunarinnar á Íslandi“, bls. 112-113.

<sup>50</sup> Sveinn Björnsson, „Um sölu íslenskra afurða“, bls. 1.

## Verslunarráðunauturinn

Tildrögin að viðskiptaráðunautarstarfinu voru þau að fólk víðsvegar um landið var ósátt yfir því að enginn aðili gætti hagsmuna þjóðarinnar í viðskiptum við aðrar þjóðir. Björn Jónsson ráðherra samþykkti starfið 16. apríl og var fylgjandi því að veittar yrðu 10.000 krónur á aukafjárlögum til tveggja ráðunauta, 5000 handa hvorum, seinni hluta ársins. En Steingrímur Jónsson, sem var konungkjörinn þingmaður, sagði þessa fjárupphæð lága og fannst of mikið að stofna tvö embætti. Því var stofnað eitt embætti viðskiptaráðunautar. Voru honum veittar í upphafi 12.000 krónur á fjárlöggunum, sem voru síðan lækkaðar í 10.000 kr. Árið 1911 var styrkurinn lækkaður í 6.000 krónur, þannig að Bjarni lækkaði alltaf í launum á meðan andstæðingar hans reiknuðu oftast með að hann væri með 10.000 kr. Mikið var reynt að rægja stöðuna og maðinn, t.d. nefndu óvinveitt dagblöð stöðuna alltaf verslunarráðunaut en með því hugðust þau fá betri höggstað á Bjarna Jónssyni sem hafði litla sem enga reynslu af verslun. En þessi staða var svo miklu meira en bara að sjá um verslunarmál því hún átti eftir að koma í stað ræðismanna og sendiherra, eins og aðrar þjóðir hafa. Á ríkisþingi Dana og í blöðum þeirra varð Bjarni fyrir sífelldum árásum og sendiherrar Dana báru sakir á hann í bréfum til Íslands, Bjarni skrifaði nánar um þessi málefni í bæklingi sínum *Skilur haf hjarta og vör*.

Bjarni Jónsson var mikill málfræðingur og stjórnmalamaður. Hann var einn af einbeittustu foringjum í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og var hún honum mikið hjartans mál. Bjarni fæddist í Miðmörk undir Eyjafjöllum árið 1863. Foreldrar hans voru séra Jón Bjarnason og kona hans Helga Árnadóttir. Faðir Bjarna þurfti oft að svara prestakalli og flytja. Eftir mikið rótleysi var sest að í Vogu á Fellsströnd árið 1882 þegar Bjarni var orðinn 19 ára. Fjölskyldan var fátæk og hafði Jón, faðir Bjarna, ekki getað sent börnin sín í skóla vegna fjárhagsvandráða. Unnu þau systkinin því á sjó og landi alla sína barnæsku. Rétt eftir tvítugt fór Bjarni suður til Reykjavíkur til náms. Hann of nám utan skóla, en fékk inngöngu í 3. bekk Latínuskólans 1884. Snemma kom í ljós að hann var kappsamur og námfús. Hann lauk ævinlega góðu verki sem hann tók sér fyrir hendur. Á sumrin var hann löngum heima í Vogu með föður sínum. Í skólanum gekk honum vel og lauk hann stúdentsprófi 1888, með ágætis vitnisburði.<sup>51</sup> Bjarni Jónsson kenndi sig oftast við Vog og er hann minnst sem Bjarna

---

<sup>51</sup> Benedikt Sveinsson, „Bjarni Jónsson frá Vogu“, bls. 5-7.

Jónssonar frá Vog. Hann hóf að kenna sig við Vog þegar hann var orðinn afkastamikill þátttakandi í samfélagsumræðum og tekinn að skrifa greinar í dagblöð. Um svipað leyti var alnafni hans einnig duglegur við greinaskrif í dagblöð og stundaði meðal annars þýðingar úr erlendum tungumálum (helst sænsku), meðan Bjarni frá Vog fjallaði um stjórnámál og heimspeki. Til þess að forðast allan misskilning, tók hann að skrifa undir nafninu Bjarni Jónsson frá Vog.<sup>52</sup>

Strax eftir stúdentspróf, sumarið 1888, hélt Bjarni til náms í Kaupmannahöfn. Þar stundaði hann málfræði, latínu, grísku og þýsku. Jafnframt námi sínu við háskólann lagði Bjarni stund á skáldskap og hinar ýmsu fræðigreinar. Eftir búsetu í Danmörku og í Þýskalandi sneri hann heim til þess að gerast kennari í Latínuskólanum. Hann hafði lokið kennaraprófi 1894 og hóf því ári síðar að vinna sem aukakennari. Þótt seinna meir hafði hann gerst mikill stjórnámálamaður þá talaði hann ekki um stjórnámál eða pólitík meðan hann var kennari.<sup>53</sup> Á þessum árum var fjöldi Íslendinga í Kaupmannahöfn og höfðu þeir stofnað Íslendingafélag. Þetta félag hélst saman vegna þjóðernisins en ekki endilega vegna áhugamála, þótt ástríðan fyrir sjálfstæði væri á vissan hátt áhugamál. Bjarni beitti sér svo fyrir því að stofnað var nýtt félag; Félag íslenskra stúdenta í Kaupmannahöfn. Í því félagi voru miklir menntamenn, eins og Einar Benediktsson, en hann hafði verið helsti hvatamaður að stofnum blaðsins *Sunnanfari*. Þetta tímarit tók fast á íslenskum stjórnámálum og var Bjarni ötull stuðningsmaður þess.<sup>54</sup>

Eftir heimkomuna varð Bjarni mjög virkur í margvíslegri félagsmálastarfsemi. Hann hafði ekki bein afskipti af pólitík en tengdist beint og óbeint þeim hræringum til sjálfstæðis sem voru að ryðja sér til rúms, einkum meðal yngra fólks og þá sérstaklega stúdenta. Bjarni tók fullan þátt í baráttumálum sem voru til þess fallinn að efla þjóðarvitundina, eins og árlegt þjóðhátíðarhald, baráttu fyrir eigin fána, minnisvarða um Jónas Hallgrímsson og fleira. Bjarni sat einnig í stjórn stúdentafélagsins og var hann þar gífurlega vinnusamur.<sup>55</sup>

Bjarni var mjög vinsæll kennari og kenndi hann þýsku, latínu, dönsku og í forföllum kenndi hann stærðfræði og grísku. Hann var almennt talinn með gáfuðustu mönnum landsins. Hann tók upp á þeirri nýbreytni að hafa talæfingar. Það kom því eins og þruma úr heiðskíru lofti

<sup>52</sup> Sigurður Sigurðsson, „Endurminningar“, bls. 311.

<sup>53</sup> Benedikt Sveinsson, „Bjarni Jónsson frá Vog“, bls. 8.

<sup>54</sup> Benedikt Sveinsson, „Bjarni Jónsson frá Vog“, bls. 11.

<sup>55</sup> Ólafur Hannibalsson, *Handrit um Bjarna Jónsson frá Vog*, bls. 44.

þegar honum var sagt upp árið 1904 eftir 10 góð ár við kennslu, þar sem hann var jafnan mjög vinsæll meðal nemenda. Mælt hefur verið að tortryggni í garð Bjarna hafi verið orsök uppsagnarinnar, en stjórn skólans hafði oft á tíðum ekki verið sammála skoðunum hans og skrifum í dagblöð. Skólayfirvöld aðhylltust heimastjórn á meðan Bjarni var brennandi heitur landvarnarmaður. Skólinn taldi sér trú um að Bjarni væri að ala nemendur upp við stefnu Landvarnarflokksins. Skólinn var samofin stjórnvöldum landsins gegnum hið sérkennilega stjórnkerfi þar sem stiftsyfirvöld og landshöfðingi höfðu síðasta orðið við úrlausn allra mála skólans, og gat það oft flækt málin.<sup>56</sup>

Nú hafði Bjarni verið sviptur því starfi sem hann hafði lært til og ætlað að hafa að sinni atvinnu. Hann missti með þessu tekjur og varð hagur hans þröngur. Upp úr þessu fór hann að þýða ýmis ritverk úr erlendum tungumálum eða skrifa um stjórnsmál í dagblöðum.

## Pólitík

Bjarni Jónsson hafði fylgt sjálfstæðisstefnu Benedikts Sveinssonar, en sú stefna sótti hvað lengst fram í sjálfstæðisbaráttunni um stjórnsmálin. Landvarnarflokkurinn var stofnaður síðla árs 1902 og gekk Bjarni í þann flokk. Var hann því hatrammur andstæðingur Valtýskunnar sem er nefnd í höfuðið á Valtý Guðmundssyni háskólaprófessor í Kaupmannahöfn. Valtýingar vildu helst fá íslenskan ráðherra sem væri ábyrgur fyrir Alþingi og ynni með meirihluta þess hverju sinni en settu sig ekki upp á móti því að hann væri búsettur í Danmörku.<sup>57</sup> Baráttan milli Valtýinga og andstæðinga þeirra var oft á tíðum hörð, og verður ekki farið út í hana hér. Þess ber þó að geta að menn báru mikinn kala hver til annars um árabil, og verður vikið að því síðar.

Bjarni hafði leitt hjá sér deilur um stjórnarskrármálið áður en hann gekk í Landvarnarflokkinn. Hann tók engan þátt í umræðum á mannamótum eða í blaðadeilum. Árið 1902 brann sjálfstæðismálið þó á honum og þrátt fyrir miklar annir gaf hann sig í þá baráttu af lífi og sál. Sama ár kom út dagblaðið *Ingólfur* og tók Bjarni þátt í útgáfunni sem skipaði honum í fylkingarbrjóst Landvarnarmanna. Þeirra helsta stefna var að kljúfa sig frá

---

<sup>56</sup> Ólafur Hannibalsson, *Handrit um Bjarna Jónsson frá Vogji*, bls. 48.

<sup>57</sup> Benedikt Sveinsson, „Bjarni Jónsson frá Vogji“, bls. 14.

Danmörku og stofna sjálfstætt ríki. Það verður einkennandi fyrir Bjarna að hann nefnir í sömu andrá list, vísindi og stjórn og er hann með því eiginlega á undan sinni samtíð í ríkjandi hugsunarhætti því í hans huga er þetta allt samofið. Menningin getur einfaldlega ekki verið skilin frá viðskiptum. Listir og vísindi eiga að bera hróður landsins um allan heim og eru því undirstaða þess að Íslendingar hljóti viðurkenningu umheimsins sem sjálfstæð þjóð. Þetta átti síðar eftir að vera ríkjandi þáttur í öllu stjórn málastarfi Bjarna, og ekki síður í starfi hans sem viðskiptaráðunautur Íslands, en í því starfi lagði hann mikla áherslu á að kynna menningu og listir þjóðarinnar og sýndi fram á tækifæri til viðskipta sem þetta gat getið af sér.<sup>58</sup>

Bjarni mat listir og vísindi ofar öllu. Hann telur Ísland oft á tíðum vera litlaust land og gefi því lítið af sér. Það liggur auðvitað mikið í því að þjóðin er fámenn og ef til vill fátæk. Bjarni var þó bjartsýnn maður og vildi að ungir menn legðu út í að vinna að listum eða vísindum. Þau störf myndu varpa geislum á þjóðlífið en ekki fiskveiðar, iðnaður eða annað sem lýtur að því að afla viðurværis og viðhaldsnauðsynja. Maðurinn eigi því ekki að lifa til þess að éta heldur að éta til þess að lifa.<sup>59</sup>

Í byrjun mars árið 1908 ákvað Landvarnarflokkurinn að Bjarni færi utan til Danmerkur, en á þessum tíma var sambandsmálið í fullum gangi, *Uppkastið*, sem voru viðræður milli Dana og Íslendinga um ný sambandslög milli landanna. Með þessum samningum höfðu Danir og Íslendingar sömu réttindi í hvoru landinu en Danir færu með umsjón utanríkis- og hermála Íslands og Danakonungur yrði áfram konungur Íslendinga. Þessi samningur átti svo að vera óuppsegjanlegur. Bjarni var mikill andstæðingur samningsins. Þar sem hann var góður ræðumaður og hafði mikinn sannfæringakraft var hann sendur til Danmerkur til að reyna að jafna leikinn. Þegar heim var komið með samninginn var mikil óánægja meðal almennings. Bjarni og fleiri flokksmeðlimir ferðuðust um landið og gerðu sitt til þess að tala hann niður og auka á andstöðu. Landvarnarmenn sáu strax að samningurinn var langt frá því að vera fullnægjandi og alls ekki samanborið við framtíðarsýn landsmanna. Eftir þessa ferð um landið gerðist Bjarni einn öflugasti forvígismaður landvarnarmanna. Hann lét hvergi deigan síga og á endanum var samningurinn felldur. Þetta sýnir kappsemi hans. Bjarni bauð sig síðan fram til Alþingis fyrir Dalamenn. Hann vann slaginn og var 5. maður Landvarnarmanna á Alþingi

---

<sup>58</sup> Ólafur Hannibalsson, *Handrit um Bjarna Jónsson frá Vogu*, bls. 65.

<sup>59</sup> Helgi Pjetursson, „Ungur maður félagi minn“, bls. 48.

1908.<sup>60</sup> Á Alþingi stóð Bjarni alltaf fremstur í flokki þar sem sjálfstæðismálin voru í fyrirrúmi, bæði í baráttunni um fánann, stjórnarskrárbreytingar og annað sem laut að sjálfstæðismálum.

Bjarna taldi að stofnun Háskóla myndi auka á sjálfstæði Íslendinga. Verst finnst honum þó að vita af handritasafni Árna Magnússonar í Danmörku og að Danir hafi afnot af og njóti heiðurs af því safni. Ef Ísland fengi safnið kæmu erlendir námsmenn til Íslands til að stunda fræðigreinar tengdar handritunum. Auk þess kæmu erlendu námsmennirnir með erlendan gjaldeyri inn í landið.<sup>61</sup> Vorið 1911 var Bjarni einn af fimm sjálfstæðismönnum sem komu að stofnun Háskóla á Íslandi. Var hann því ávallt ein besta stoð og stytta Háskólans á þingi.<sup>62</sup> Bjarni hafði alla tíð áhyggjur af fjármálum landsins. Hann var mjög stórhuga og vildi efla fjárveitingar til samgöngumála og atvinnumála í landinu. Einnig gat hann verið snjall viðskiptamaður eins og hann sýndi á styrjaldarárunum, en þá urðu gífurlega verðbreytingar og nauðsynlegt var að hækka laun allra starfsmanna í landinu. Bjarni flutti á þinginu tillögur um að bæta landstekjur. Hann vildi hafa landaurareikning (en það gat verið ákveðið hafnargjald) til grundvallar launum og gjöldum landsmanna. Hefði þetta komið best út þegar allar afurðir voru í afarverði og landssjóði fullkomlega borgið. Á þetta var ekki hlýtt, en löngu seinna var farið að leggja á gengisviðauka.<sup>63</sup>

---

<sup>60</sup> Benedikt Sveinsson, „Bjarni Jónsson frá Vogli“, bls. 36-37.

<sup>61</sup> Bjarni Jónsson frá Vogli, *Viðskipti Íslendinga við aðrar þjóðir*. bls. 3-4.

<sup>62</sup> Benedikt Sveinsson, „Bjarni Jónsson frá Vogli“, bls. 41.

<sup>63</sup> Benedikt Sveinsson, „Bjarni Jónsson frá Vogli“, bls. 44.

## Viðskiptaráðunauturinn

Sú hugmynd hafði lengi legið í loftinu að Ísland þyrfti að hafa erindreka í útlöndum, og þá einn eða fleiri, til þess að greiða fyrir verslun landsmanna, skýra stöðu Íslands á erlendum mörkuðum og jafnvel auglýsa eða kynna Ísland. Sambærileg hugmynd hafði fyrst komið upp og verið hrint í framkvæmd árið 1893 þegar Alþingi veitti kaupmanninum Ditlev Thomsen styrk úr landssjóði til þess að ferðast um erlend lönd og rannsaka markað fyrir íslenskar afurðir – eins og áður er greint frá. Nú var hins vegar blandað saman verslunarmálum og pólitík, því bæði þyrfti Bjarni að verja Ísland gagnvart alls kyns óhróðri sem gæti borist frá útlöndum, sem og að kanna bestu aðstæður fyrir íslenskar afurðir á erlendum mörkuðum.

Starfssviði viðskiptaráðunautar var lýst í erindisbréfi sem gefið var út af Stjórnarráðinu 17. júlí 1909.<sup>64</sup> Bjarni Jónsson frá Vogu var viðskiptaráðunautur Íslands á árunum 1909-1913.

Allan þann tíma varð hann fyrir stöðugum árásum frá pólitískum andstæðingum sem töldu hann hvorki hafa menntun né þekkingu til að gegna svo þýðingarmiklu starfi.

Viðskiptaráðunauturinn þyrfti að hafa þekkingu á vörum og reynslu af verslun og viðskiptum, sem þeir töldu hann ekki hafa.<sup>65</sup> Björn Jónsson var ráðherra á þessum tíma og hafði tekið ákvörðun um viðskiptaráðunaut. Var þessi ráðstöfun hans mjög umdeild. Björn áleit að viðskiptaráðunauturinn ætti meðal annars að halda uppi áróðri erlendis fyrir málstað Íslands í sjálfstæðismálinu.<sup>66</sup> Samherjar Bjarna voru hins vegar duglegir að verja bæði stöðuna sjálfa og manninn sem gegndi stöðunni. Andstæðingarnir voru hins vegar með mikinn óhróður og töluðu um hvílíkur ómagi þessi maður væri á landsstjórninni og lifði í vellystingum erlendis á kostnað íslenskra skattborgara. Bjarni varði sig með ritum sem og í umræðum á Alþingi. Hann gaf út bæklinga á eigin kostnað; *Skilur haf, hjarta og vör* (1910) og *Viðskipti Íslendinga við aðrar þjóðir* (1911) sem reyndust hans málstað vel og útskýrðu hans sjónarmið.

Meirihlutamenn sem komu úr Sjálfstæðisflokknum og Landvarnarflokknum komu saman til fundar að kosningum loknum árið 1908 í Reykjavík og nágrenni að undirbúa mál fyrir þingið 1909. Þar hafði sú umræða um erindreka í útlöndum komið til umræðu. Á fundi sömu manna

<sup>64</sup> Alþingistíðindi 1911 A, bls. 1342-1343.

<sup>65</sup> Ólafur Hannibalsson, *Handrit um Bjarna Jónsson frá Vogu*, bls. 106.

<sup>66</sup> *Forsætisráðherrar Íslands*, bls. 50.



Í janúar 1909 var skoðað hvort Ísland þyrfti trúnaðarmenn og ráðunauta sem önnuðust hag landsins erlendis. Á þessum fundi var Bjarni frá Vogu meðal fundarmanna.<sup>67</sup>

Á Alþingi var umræða um verslunarmál. Ágúst Flygenring talaði á þingi á vormánuðum 1909 um viðskiptalíf Íslendinga. Þingmönnum hafði borist lagabálkur frá norrænum nágrönnum. Þetta var stór lagabálkur með 71 grein og var afar þýðingarmikill íslensku atvinnulífi. Hann festi í sessi ýmsar venjur sem þegar höfðu tíðkast á Íslandi, en einnig nýjar venjur sem voru farnar að tíðkast. Þessi lagabálkur var þó aðeins þýðing á viðskiptalögum sem samin voru af nefnd frá Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Í þessari nefnd voru verslunarfróðir og lærðir menn alls staðar að af Norðurlöndum nema Íslandi, sem lagði ekki sitt af mörkum því enginn erindreki var til staðar.<sup>68</sup>

Í fjárlögum sem Alþingi 1909 afgreiddi fyrir árin 1910 og 1911 voru veittar 12 þúsund krónur fyrir hvort árið um sig til viðskiptaráðunauta. Björn Jónsson ráðherra óskaði eftir því við Alþingi að féð væri veitt tveimur viðskiptaráðunautum, 10 þúsund krónur handa hvorum á ári, og ætlaði þá öðrum að sitja í Hamborg en hinn átti að vera í London. Þessi laun þótti þinginu of há og var fjárveitingin lækkuð í 6 þúsund krónur handa hvorum. Ráðherra gerði svo úr þessu aðeins eitt embætti og var Bjarna Jónssyni frá Vogu veitt þetta þýðingarmikla og nýja embætti. Tildrögin að stofnun embættisins voru margvísleg, m.a. þau að víðsvegar um landið var fólk óánægt með að ekki væri neinn aðili sem gætti hagsmuna landsins gagnvart öðrum þjóðum.<sup>69</sup>

Það lá ljóst fyrir í upphafi í augum landvarnarmanna og átti jafnframt að vera ljóst einnig í augum sjálfstæðismanna, að þetta embætti ætti helst ekki að sinna verslun. Hún átti að vera jafngildi ræðismanna og sendiherra annarra þjóða. Enginn af hvatamönnum þessa máls virtist hugleiða að hér væri vísir og upphaf þess að eiga sendiherra og ræðismenn í erlendum löndum eins og aðrar þjóðir. Ákveðin hugmynd var á bak við það að kalla sendimenn þessa viðskiptaráðunauta en ekki verslunaráðunauta. Þeir áttu að opna leiðir til beinna viðskipta við aðrar þjóðir og beinlínis stuðla að því að verslun Íslendinga hætti að nota Kaupmannahöfn sem millilið, en það hafði verið drjúgur kostnaður bæði fyrir Íslendinga og aðra erlenda aðila en Dani, sem vildu selja til Íslands. Þannig ættu bein samskipti að komast á

<sup>67</sup> Ólafur Hannibalsson, *Handrit um Bjarna Jónsson frá Vogu*, bls. 106.

<sup>68</sup> Alþingistíðindi 1909 A, bls. 946.

<sup>69</sup> Agnar Kl. Jónsson, *Stjórnarráð Íslands*, bls. 543-544.

milli framleiðanda, kaupenda og seljanda bæði heima og erlendis. Fyrir forsvarsmönnum þessa fyrirkomulags vakti það að komast fram hjá þeirri staðreynd að Danir fóru með utanríkismálin að öllu leyti, og eftir kosningasigurinn 1908 vildu Íslendingar gera öðrum þjóðum kunnugt að ef þjóð vildi eiga viðskipti við Ísland þá þyrfti ekki að fara í gegnum Kaupmannahöfn. Alþingismenn vildu ekki eyða svo miklu úr landssjóði í þessa nýju stöðu þó svo hún væri tákn Íslands erlendis, og var fjárveitingin lækkuð um helming og ákveðið að aðeins einn skyldi gegna þessu starfi.<sup>70</sup> Miklar efasemdir spruttu upp á Alþingi í kjölfar þessarar ráðningar og hversu miklu væri eytt í þetta embætti. Þegar Bjarni hafði verið ráðunautur í eitt ár var borin fram tillaga um að fella niður samþykkt um viðskiptaráðunaut.

Bjarni átti að starfa á Norðurlöndum, í Þýskalandi og Englandi. Starf hans átti aðallega að felast í því að svara fyrirspurnum bæði frá erlendum og héraðslöndum mönnum um allt það sem laut að viðskiptum milli Íslands og annarra landa, um íslenska atvinnuvegi, íslenska landshagi og annað tengt. Í þeim löndum sem hann dveldist skyldi sérstaklega horft til markaða og markaðshorfa fyrir íslenskar vörur og hvernig ganga mætti frá íslenskum afurðum og iðnaði svo hann yrði útgengilegur erlendis. Ennfremur var ætlast til að hann kostaði kapps um að gera Ísland og allan hag landsins sem kunnastan almenningi í öðrum löndum bæði í riti og ræðu, og gerði síðan allt sem í hans valdi stæði til að aftra því að land og þjóð væri hættulega afflutt erlendis.<sup>71</sup> Verslunarviðskipti mætti hann engin hafa, hvorki fyrir sig né í annarra umboði, né neina aðra atvinnu reka, er komi í bága við framangreint starf hans og skyldur í almenningsþarfir. Hann skyldi senda stjórnarráðinu sérstakar skýrslur um allt það er hann kæmist yfir og teldi geta haft þýðingu fyrir landið að einhverju leyti. Eða fyrir landsstjórnina að fá vitneskju um. Skyldi hann senda stjórnarráðinu þessar skýrslur að minnsta kosti einu sinni í mánuði. Bryti hann í bága við það sem stóð í þessu erindisbréfi og við sitt hlutverk væri hægt að svipta hann starfinu og senda heim tafarlaust. Það er athyglisvert að Klemens Jónsson, sem var óvildarmaður Bjarna, hafi skrifað undir þetta erindisbréf, en ekki Björn Jónsson. En Björn kvað hafa verið mikið fjarverandi frá vinnu sökum heilsuþrengis og kom lítið að stjórnarráðinu á þessum tíma.<sup>72</sup>

Lárus H. Bjarnason þingmaður var andstæðingur þessa máls og gagnrýndi að starfið væri bundið einum manni. Þegar embættið var rætt fyrst, áttu tveir menn að sinna því en þeim

<sup>70</sup> Ólafur Hannibalsson, *Handrit um Bjarna Jónsson frá Vogji*, bls. 106.

<sup>71</sup> Agnar Kl. Jónsson, *Stjórnarráð Íslands*, bls. 544.

<sup>72</sup> Ólafur Hannibalsson, *Handrit um Bjarna Jónsson frá Vogji*, bls. 107.

hafi svo verið fækkað í einn. Þótti Lárusi það slæmt fyrirkomulag og jafnvel ólöglegt, og sagði vera hreint og beint fjárlagabrot. Lárus var greinilega enginn aðdáandi Bjarna. Ekki var nóg með að honum þætti staðan og fjárveitingin ólögleg, heldur sagði hann skýrslur Bjarna vera ljósasti vottur þess hve hégómlegt starf Bjarna hafi verið. Bendir svo á að sendiherrar frá Noregi hafi aðeins 2000-5000 krónur í laun.<sup>73</sup> Steingrímur Jónsson tekur í sama streng en er þó ekki eins harðorður. Hann telur þetta starf vera of víðförult, viðskiptaráðunautur sé ekki kjötráðunautur eða smjöraráðunautur heldur sé hans starfssvið alveg óákveðið. Hann vill þó ekki lasta manninn sem gegnir stöðunni og bendir á að meðal þjóðarinnar séu mjög skiptar skoðanir um þessa fjárveitingu.<sup>74</sup>

## Á að skapa starfið sjálfur

Erindisbréfið var mjög svo óljóst og gaf til kynna að starfið yrði mótað af Bjarna. Erindisbréf geta gefið verulegt svigrúm til þess að haga störfum eftir því sem best hentar landi og þjóð. Bjarni kaus að túlka orðið „viðskipti“ mjög vítt. Ekki væri aðeins átt við verslunarviðskipti heldur hvers konar samskipti Íslands við aðrar þjóðir, þar á meðal í menntamálum og listum sem voru Bjarna mjög huglæg. Hann á að kynna kaupsýslumönnum þá möguleika sem felast í beinum viðskiptum við landið, en þeim er erfitt að koma á meðan allar samgöngur eru tengdar við Kaupmannahöfn. Því taldi Bjarni það mjög mikilvægt að bæta allar samgöngur til Íslands. Bjarni átti frumkvæði að mörgu, eins og vísi að utanríkisþjónustu og starfi blaðafulltrúa erlendis. Hann átti þó fyrst og fremst að kynna landið og fylgjast með allri umfjöllun um Ísland erlendis og vera í forsvari ef ástæða þætti til, eða þá nýta tækifærið sem bauðst til frekari kynningar á landi og þjóð. Bjarni segir seinna meir í riti sínu *Viðskipti Íslendinga við aðrar þjóðir* að þetta starf sé viðamikið og erfitt, og það vanti mannskap því ferðast þarf til margra landa. Í fimm þjóðlöndum þarf viðskiptaráðunauturinn að sitja fyrir svörum þess sem vill fræðast um Ísland. Einn maður anni þessu ekki öllu og því væri best að hafa sendimenn eða erindreka í erlendum löndum sem sinntu þessum málefnum.<sup>75</sup> Andleg samskipti voru ofarlega í huga Bjarna, en eins og áður segir voru hans helstu áhugamál

<sup>73</sup> Alþingistíðindi 1911 B I, d. 285.

<sup>74</sup> Alþingistíðindi 1911 B I, d. 226.

<sup>75</sup> Bjarni Jónsson frá Voggi, *Viðskipti Íslendinga við aðrar þjóðir*, bls. 18.

menning, listir og vísindi, og það voru afrek á þessum sviðum sem ættu eftir að veita landinu þann ljóma sem framfaramenn annarra þjóða tækju eftir.<sup>76</sup>

Það er ekki fjarri lagi að segja það að þetta starf hafi náð yfir meirihluta þeirra verkefna sem utanríkisþjónustunni er falið að sinna nú á tímum, þótt það sé að sjálfsögðu gert með öðrum hætti. Fróðlegt er að skoða umræður á Alþingi eftir að staðan hafði verið veitt, en þá töluðu margir um að embættið færi í taugarnar á Dönnum því þarna væri vísir að utanríkisþjónustu og þar með krafa um meira sjálfstæði þjóðarinnar.

Bjarni Jónsson fór fljótlega utan eftir skipun sína í viðskiptaráðuneyti og ferðaðist meðal annars til Noregs. Þar flutti hann fyrirlestra á hinum ýmsu stöðum, sem vöktu mikla eftirtekt. Í þeim fræddi hann menn um Ísland, bókmenntir og tungu, og eins gerði hann grein fyrir sjálfstæðisbaráttunni. Í Noregi voru bæði fésýslumenn, menntamenn, listamenn og stjórnámálamenn sem sáu Ísland í hillungum sem eins konar móðurland norrænnar menningar sem þyrfti að reisa úr rústum til fornar frægðar. Í Björgvin hafði starfað Thore- félagið sem var norskt gufuskipafélag undir forystu Þórarins Tuliniusar og hafði þá sýnt fullan vilja til veita Dönnum samkeppni um ferðir til Íslands.<sup>77</sup> Í þessum fyrirlestrum þótti Bjarni all-óvæginn í garð Dana enda var *Uppkastið* enn í fersku minni. Komu hans og fyrirlestrar var getið í norskum dagblöðum og fréttu því Danir fljótt af starfsemi viðskiptaráðunautarins, og ekki nutu þeir góðs af því sem Bjarni talaði um í fyrirlestrum sínum. Ennfremur hefur margt af því sem Bjarni talað um eflaust verið mistúlkað eða ranghermt. En hvernig svo sem það fór fram skrifaði danski utanríkisráðherra Birni Jónssyni ráðherra bréf þann 10. nóvember 1909 og krafist útskýringa á störfum og stöðu Bjarna sem fulltrúa Íslands. Einnig var tekið fram í bréfinu til Björns að sjálfsagt væri að hafa slíka ráðunauta erlendis til þess að gæta hagsmuna Íslands, en danska utanríkisráðuneytið yrði að fá að vita nánar um störf þess háttar embættismanna. Loks var sagt að ef rétt væri það sem Danir höfðu heyrt um fyrirlestra Bjarna væri þess vænst að slíkt yrði ekki látið endurtaka sig. Björn Jónsson svaraði þessu 17. desember 1909 og tók fram að stjórnámál væru ekki í verkahring Bjarna Jónssonar. Ef svo óheppilega vildi til að hann færi aftur að tala um samband Danmerkur og Íslands yrði hann tafarlaust kvaddur heim eins og heimilt væri samkvæmt erindisbréfi. Síðar um veturinn voru miklar umræður um þetta mál í danska þinginu. Þar var þá greint frá þessum bréfaskriftum

---

<sup>76</sup> Ólafur Hannibalsson, *Handrit um Bjarna Jónsson frá Vogji*, bls. 107-108.

<sup>77</sup> Ólafur Hannibalsson, *Handrit um Bjarna Jónsson frá Vogji*, bls. bls. 109.

við ráðherra Íslands og látið þar við sitja. Bjarni tók þessa afskiptasemi alls ekki nærri sér, talaði áfram um pólitík og hélt ótrauður áfram störfum sínum samkvæmt erindisbréfi.<sup>78</sup>

## Störf viðskiptaráðunautar

Í erindisbréfi sem viðskiptaráðunautnum var ráðstafað, eru störf Bjarna einskorðuð við Norðurlönd, Þýskaland og England. En í lok september 1909 fékk Bjarni bréf frá dönskum málflutningsmanni, Valdemar Jensen, sem bjó nærri Genúa á Ítalíu. Jensen lýsti í þessu bréfi áhuga á því að koma á beinum viðskiptum milli Ítalíu og Íslands. Bjarna fannst ekkert loðið eða óheiðarlegt við Valdemar Jensen og hafði verslunarráðgjafi Dana margt gott um þennan mann að segja, þótt hann gæti ef til vill verið of fljótfær á stundum. Bjarni varð áhugasamur og skrifaði því til ráðherra og sótti um sérstakan styrk til ferðar á þessa slóðir og fékk hann. Bjarni skyldi fara til Ítalíu síðar, en hann hafði ákveðið að fara fyrst til Svíþjóðar þar sem hann hittir Íslandsvininn Ragnar Lundborg, góðan vin sinn. Lundborg hafði boðið til mikillar veislu með fjölda blaðamanna og í kjölfarið kom í öllum helstu blöðum jákvætt umtal um Ísland og starf Bjarna sem upplýsingafulltrúa landsins.<sup>79</sup>

Eftir fundi Ragnars og Bjarna þá vilja Svíar koma á beinum samgöngum milli landanna, nauðsynlegt væri að vöruflutningar fari sem beinasta leið, þá séu þeir hagkvæmastir. Sleppt yrði því að nota Kaupmannahöfn sem millið og var þetta málefni helsta baráttumál Bjarna; að sem fæstir – eða enginn – milliliður væri á milli seljenda á Íslandi við erlenda kaupmenn. Helsta útflutningsvara Íslands til Svíþjóðar var söltuð síld, en þar var hún eftirsótt og í háu verði. Fyrirkomulagið á þessum viðskiptum var þannig að síldin var lögð inn hjá íslenskum kaupmanni með aðsetur í Kaupmannahöfn, og þaðan færi varan til einstaklings sem hafði umboðsmann í Svíþjóð að nafni Oskar Jahn. Af honum keyptu svo nokkrir sænskir heildsalar og þeir dreifðu loks síldinni til smákaupmanna. Bjarni benti á að með beinum samgöngum væri hægt að afnema þarna fjóra milliliði.<sup>80</sup> Bjarni telur nauðsynlegt að stofna sölufélag eins og Svíþjóð hefur. En þar er stjórn með framkvæmdastjóra (Ragnar Lundborg) sem kallast Sölusambandið, og hefur það 3 markmið. Hið fyrsta er að veita upplýsingar, útvega

<sup>78</sup> Agnar Kl. Jónsson, *Stjórnarráð Íslands*, bls. 545-546.

<sup>79</sup> Ólafur Hannibalsson, *Handrit um Bjarna Jónsson frá Vogji*, bls. 110-111.

<sup>80</sup> Ólafur Hannibalsson, *Handrit um Bjarna Jónsson frá Vogji*, bls. 111.

umboðssölu og kaupendur að sænskum vörum erlendis, rannsaka markaðshorfur, velja ódýrustu og fljótustu samgöngurnar og fleira. Annað markmiðið er að eiga verslunarbókarsafn. Bókasafn sem inniheldur efni eins og verslunarskrár, verslunarfræði, fróðleik um samgöngur og fleira. Hið þriðja er svo að miðla þessu með útgáfu. Svíar gefa út blað sem nefnist *Svensk export* þar sem prentaðar eru ræður og umræður um verslun og viðskipti. Þetta vill Bjarni að Íslendingar geri einnig.<sup>81</sup>

Aðfluttum og útfluttum vörum hafði fjölgað gífurlega frá árinu 1855 eftir að verslunarfrelsi fékkst á Íslandi. Þessi mikli vöxtur vörumagnsins bendir líka til þess að mjög hafi aukist afurðir til sjávar og sveita, en iðnaður og sjávarútvegur hafði eflst mikið og sást það greinilega í sölu á þessum afurðum eftir aldamótin 1899-1900.<sup>82</sup> Verslunum á Íslandi fjölgaði gífurlega á árunum 1890-1905, en heildsölu- og umboðsverslunum hafði fjölgað úr 137 í 375. Innlendar verslanir sem voru í eigu Íslendinga voru 82% árið 1905 en 67% árið 1890. Þetta er samkvæmt upplýsingum um eignarhald kauptúna- og kaupstaðaverslana.<sup>83</sup> Fram til ársins 1911 var eingöngu flutt inn frá Evrópu, en eftir það var einnig byrjað að flytja inn vörur frá N-Ameríku. Á árunum 1895-1905 var mest flutt inn frá Danmörku eða 60,1%. Fimm árum síðar hafði innflutningur þaðan minnkað í 52,5%. Talan fer síðan lækkandi eftir það, meðan innflutningur frá Bretlandi og öðrum Evrópulöndum eykst. Hlutföll í útflutningi var svipaður. Mest var selt út til Danmerkur og náði það hámarki árin 1911-1915 og var 37,7%. Eftir 1915 fellur talan niður í 9,3% og má skýra það þannig að beinar samgöngur annað en til Danmerkur voru orðnar tíðari, að beiðni Bjarna, og Íslendingar notuðu ekki í eins miklum mæli og áður milliliðina í Kaupmannahöfn. Aðrar tölur um útflutning, til landa eins og Spánar og Bretlands, hækka eftir 1915. Bretland fer úr 16,3% í 33,7% og Spánn úr 15,9% í 21,4%. Mestur útflutningur var því til Bretlands eftir tíð Bjarna sem viðskiptaráðunautar og hélst svo til ársins 1990.<sup>84</sup>

Þrátt fyrir að Bjarni hafi barist mikið gegn því að verslun færi í gegnum Danmörku og milliliði þar, þá var Danmörk samt eitt af helstu viðskiptalöndum Íslands, og um 1930 komu þaðan um 30% innflutnings og um 17% útflutnings fóru þangað.<sup>85</sup>

<sup>81</sup> Bjarni Jónsson frá Vog, *Viðskipti Íslendinga við aðrar þjóðir*, bls. 8-9.

<sup>82</sup> Bjarni Jónsson frá Vog, *Viðskipti Íslendinga við aðrar þjóðir*, bls. 5.

<sup>83</sup> *Hagskinna*, bls. 397.

<sup>84</sup> *Hagskinna*, bls. 446.

<sup>85</sup> Guðmundur Jónsson, „Endalok dönsku verslunarinnar á Íslandi“, bls. 100.

Eftir að ferð Bjarna um Norðurlönd lauk, hóf hann suðurför sína til Rómar. Í Þýskalandi tekur hann eftir því að matur er afar dýr, bæði kjöt og fiskur, og því væri tækifæri að selja þangað íslenskar afurðir með miklum hagnaði. Ýmsar sögusagnir spruttu upp um ferð Bjarna til Rómar, því hann var með háskólapróf í grísku og latínu og fyrirmann með svo klassíska menntun var Róm algjört himnaríki. Því drógu sumir í efa að þetta væri í raun ferð viðskiptaráðunautarins Bjarna Jónssonar frá Vogu.

Bjarni sagðist ekki vera að sinna einkaerindum í Róm, og þurfti því að finna einhverja réttlætningu fyrir því að heimsækja borgina. Hann tók strax eftir gífurlegum ferðamannastraumi til Rómar. Ekki voru margar bifreiðar þar, en þeim mun meira af léttivögnum sem hestar drógu. Taldi Bjarni engan vafa á að íslenskir hestar gætu hentað til þessa verks, enda íslenski hesturinn nettur og léttur á fóðrum.<sup>86</sup> Bjarni samdi sínar skýrslur af einlægni. Það er eins og hann hafi ekki gert sér grein fyrir því að hann sæti einnig á þingi, en þar var hann svo oft miðdepill athyglinnar og mætti ásökunum andstæðinga sinna, sem gerðu skýrslur hans oft ótrúverðugar og fengu menn til að efast um hæfni hans. Mikil flokkspólítík var í gangi og Alþingi með misjafnar skoðanir á nánast öllum hlutum. Hvert orð frá Bjarna var teygt og togað, að því er virtist eingöngu til þess að knésetja pólitískan andstæðing. Svona var Alþingi klofið, án tillits til þess hvað hafi verið þjóðarhag fyrir bestu. Til dæmis kom Bjarni með tillögur að mörgum hentugum atriðum til bóta; fækkun milliliða, betri kunnátta á verkun sjávar- og landbúnaðarafurða o.fl. Á Alþingi kusu andstæðingar Bjarna eingöngu að nefna ferð Bjarna til Rómar og reyna að gera hana lítilvæga fyrir þjóðarhag.

Bjarni skrifaði bæklinginn *Skilur haf hjarta og vör*, sem hann gaf út á eigin kostnað 1910. Þar rekur hann sögu sína gagnvart dönskum yfirvöldum sem vildu knésetja hann og greinir frá því að íslensk dagblöð hafi ekki stutt hann í þessum málum. Í lok bæklinginsins dregur Bjarni fram í nokkrum atriðum, hvað hafi helst gerst í þessu ferli. Að hann hafi reynt að fullnægja erindisbréfi sínu og ekki gengið lengra en góðu hófi gegndi, að Danastjórn hafi reynt að ná viðskiptaráðunautnum undir danskt ráðuneyti, dönsk blöð og stjórnámálamenn látið eins og

---

<sup>86</sup> Ólafur Hannibalsson, *Handrit um Bjarna Jónsson frá Vogu*, bls. 112.

þau ættu hvert bein í Íslendingum og töldu landráðasök, ef talað væri um að losa Íslendinga undan yfirráðum danskrar umboðsverslunar, og svo mætti lengi telja.<sup>87</sup>

Hefðu skýrslur Bjarna verið skoðaðar af nákvæmni með framför í huga þá hefði verið hægt að fylgja þeim vel á eftir. Má vera að Íslendingum hefði tekist að ryðja sér braut á Miðjarðarhafsmörkuðum áratugi fyrr, en á árunum 1920 og 1930 var það togaraútgerðarfélagið Kveldúlfur ásamt fleirum, sem tókst að koma sínum fiski að erlendis og vinna honum sess sem besta fáanlega saltfiski á markaðnum.<sup>88</sup> Þegar rannsóknarnefnd efri deildar Alþingis 1911 rannsakaði gerðir landstjórnarinnar í Landsbankamálinu (Björn Jónsson var leystur frá störfum sem ráðherra) var eitt af málum sem nefndin rannsakaði starfsemi viðskiptaráðunautar. Eru þau birt í Alþingistíðindum A deildar 1911 og segir frá ferðum Bjarna, m.a. um Ítalíu og Þýskaland auk Norðurlanda, sem og vinnubrögðum hans, en hann sendi þessar skýrslur mánaðarlega til Stjórnarráðsins og voru þær birtar í Alþingistíðindum á árunum 1909-1911.<sup>89</sup>

Bjarni hafði ákveðnar hugmyndir um hvað mætti bæta á Íslandi. Hinar fornu bókmenntir eru dýrmætustu eignir Íslands og eru Íslendingar mikil bókmenntaþjóð, samkvæmt Bjarna. Íslendingar flytja inn danskar bókmenntir fremur en að senda út íslenskar bækur sem snúa að list, vísindum og fleira. Þessu veldur væntanlega smæð þjóðarinnar. Bjarna finnst vanta fleiri bækur þýddar úr ensku og þýsku og kallar þessi mál höfuðmálin tvö. Íslenskar bækur er aðallega að finna í Kaupmannahöfn. Almennigur verður að krefja bóksala um úrbætur.<sup>90</sup> Bjarni hefur verið að kalla eftir meiri áhuga og frumkvæði af hálfu Íslendinga.

## Alþingi kloið

Mikil ólga varð á Alþingi vegna þessarar stöðu sem Bjarni hafði skapað og einnig vegna þess að Danir höfðu áhyggjur af Bjarna og hans störfum. Oft var gagnrýnt að embættið væri aðeins „gefið“ einum manni og að hann lifði í vellystingum út í heimi. Gunnar Ólafsson andmælti þessu, taldi þessa stöðu mjög mikilvæga fyrir land og þjóð og sagði að mikið af

<sup>87</sup> Bjarni Jónsson frá Voggi, *Skilur haf hjarta og vör*.

<sup>88</sup> Ólafur Hannibalsson, *Handrit um Bjarna Jónsson frá Voggi*, bls. 113.

<sup>89</sup> Alþingistíðindi 1911 A, bls. 1342-1383.

<sup>90</sup> Bjarni Jónsson frá Voggi, *Viðskipti Íslendinga við aðrar þjóðir*, bls. 1-2.



ásökunum gagnvart Bjarna Jónssyni væru gerðar af pólitískri óvild.<sup>91</sup> Jón Þorkelsson tekur í sama streng og segir að viðskiptaráðunauturinn hafi sætt miklum árásum sem eru að hans mati ósmekklegar og sprotnar af flokksofstæki. Segir þessa fjárveitingu vera stórmerkilega og nauðsynlega fyrir landið, því þarna fari Íslendingar með sín eigin utanríkismál.<sup>92</sup> Eins og áður hefur komið fram fóru flest ef ekki öll viðskipti í gegnum Kaupmannahöfn. Bjarni og margir þingmenn vildu breyta því. Með því yrði hægt að komast hjá óþarfa kostnaði og tollum og leiðin væri greiðari. Bjarna finnst Danir halda sínum rétti helst til of mikið fram, því þeir sjái á borði einhvern tekjumissi ef samgöngur í viðskiptalífi Íslendinga batna. Í þessum umræðum var talað um að leggja niður fjárveitingu til embættisins. Ætla Íslendingar að gefast upp þó fokið hafi í Dani?, spurði Bjarni á Alþingi. En það sem aðallega er hægt að lesa úr þessum umræðum á Alþingi er að vissulega hafi margir þingmenn verið hræddir við Dani. Alþingi var hins vegar klofið í afstöðu sinni og margir vildu Bjarna í burtu. Einn af þeim var Pétur Jónsson, sem sagði Bjarna ekki vera starfi sínu vaxinn. Honum fannst embættið gott og gilt, en þar skipti máli hvaða maður hefur verið ráðinn í starfið. Hann hafi einfaldlega aldrei treyst Bjarna til þessa verks og vill því fella fjárveitinguna.<sup>93</sup>

Skúli Thoroddsen og Benedikt Sveinsson telja stöðuna mikilvæga, og bendir Skúli á hversu mikilvæga pólitíska þýðingu embættið hefur fyrir landið. Ísland verði einfaldlega að hafa mann í útlöndum sem upplýsir erlenda menn um Ísland og kemur með upplýsingar heim um erlend lönd og viðskiptahætti. Ísland geti oft verið svo varnarlaust í dönskum blaðaumræðum, og enginn sé þar til varnar nema einmitt viðskiptaráðunauturinn. Benedikt vill halda stöðunni en minnka fjárveitinguna um 2.000 krónur. Honum finnst ennfremur mikilvægt að staðan sé bundin við Bjarna Jónsson, því hann treystir honum best til starfsins. Embætti viðskiptaráðunautar hefur mætt andstöðu Dana og líta þeir svo á að hér væri drjúgt skref stigið í þá átt að auka sjálfstæði Íslendinga, eins og fyrr er sagt. Það eitt ætti að hvetja Íslendinga til að styðja embættið, mælir Benedikt á Alþingi.<sup>94</sup> Þessi staða gæti þýtt viðskipti upp á þúsundir króna fyrir Ísland með bættum viðskiptasamningum, samgöngum og auglýsingum fyrir landið, en sumir þingmanna vildu fella hana eingöngu vegna þess manns sem gegndi stöðunni og vegna þess að fjárveitingin væri aðeins bundin við einn mann.

---

<sup>91</sup> Alþingistíðindi 1911 B I, d. 209.

<sup>92</sup> Alþingistíðindi 1911 B II, d. 193.

<sup>93</sup> Alþingistíðindi 1911 B II, d. 232.

<sup>94</sup> Alþingistíðindi 1911 B II, d. 512 & 218.

Ekki var nóg með það að Bjarni sætti miklum árásum á þingi heldur voru blöð Heimastjórnarflokksins með sífelldar árásir á „Bjarna frá Vogu“, gagnrýndu hann og störf hans, meðan blöð Landvarnarmanna og Sjálfstæðismanna tóku upp hanskann fyrir Bjarna og vörðu málstað hans. Svona gekk þetta lengst af meðan embættið var við lýði. Þegar fjárlagafrumvarp fyrir árin 1912 og 1913 var lagt fyrir Alþingi 1911, gerði stjórnin ráð fyrir áframhaldandi fjárveitingu til viðskiptaráðunautar, og fengi hann þá 12 þúsund krónur fyrir hvort árið um sig. Hins vegar vildi fjárlaganefndin fella fjárveitinguna niður meðan Bjarni vildi hækka hana í 15 þúsund krónur á ári. Eins og komið hefur fram voru allmiklar umræður á Alþingi um málið; hvort embættið væri gagnlegt og hvort rétt væri að halda því áfram. Í þessum umræðum skiptust menn mikið eftir flokkum. Heimastjórnarmenn litu á starfið fyrst og fremst sem viðskiptastarf, en samherjar Bjarna Jónssonar töldu starfið einnig vera pólitískt og ber að minna á orð Benedikts Sveinssonar hér á undan þar sem hann bendir á tækifæri til að auka sjálfstæði Íslands. Í bréfi Björns Jónssonar ráðherra til danska utanríkisráðuneytisins kom fram að ekki var gert ráð fyrir að viðskiptaráðunauturinn ætti að skýra erlendum löndum frá sjálfstæðismálefnum Íslendinga, því hann ætti ekki að vera pólitískur erindreki eða áróðursmaður.<sup>95</sup> Bjarni var á þinginu árið 1911 þegar umræðurnar stóðu sem hæst. Hann tók til máls og útskýrði starf sitt og þau verkefni sem hann hefði sinnt fram að þessu; þar er hægt að finna fróðlegar upplýsingar um starf hans. Bjarni segir meðal annars: „Ég get bent á aðeins eitt atriði, sem hefur beinlínis margbargað allt það fé, sem varið hefur verið til viðskiptaráðunauts, og það er verðhækkun á hestum á seinasta ári, sem er starfsemi viðskiptaráðunauts að þakka. En auðvitað er ótalinn allur sá óbeini hagur af starfsemi þinni, því að starfið er svo vaxið, að það er illt að reikna hann út. Það er t.d. ekki hægt að sýna það með tölu, hvaða hagur hefir verið að því, að ég hef sagt mönnum hundruðum saman í útlöndum nöfn á íslenskum kaupmönnum, og heldur ekki, hvaða hagur hefur orðið af þeim fyrirlestrum, sem ég hef haldið um Ísland og Íslendinga. Hann er allur óbeinn og getur ekki komið þannig í ljós, að hægt væri að sanna hann með tölum.“<sup>96</sup>

Einnig gaf Bjarni út bæklinga og fyrirlestra til að mæla árangur sinn, og má sjá umfjöllun um störf hans m.a. í bæklingnum *Viðskipti Íslendinga við aðrar þjóðir* sem gefinn var út árið 1911. Málinu lauk svo, að fjárveiting að upphæð allt að kr. 10.000 var veitt áfram, þar af voru 6.000 í laun hvort árið og allt að 4.000 hvort árið til ferðakostnaðar samkvæmt reikningi.

<sup>95</sup> Agnar Kl. Jónsson, *Stjórnarráð Íslands*, bls. 546-547.

<sup>96</sup> Alþingistíðindi 1911 B I, d. 294.

## Atlaga gerð að viðskiptaráðunautnum

Það var alltaf heimastjórnarmönnum og fleirum þynrir í augum að Bjarni skuli hafa gegnt embætti viðskiptaráðunautar, og ekki bætti úr skák að hann hafi setið þing á meðan. Hægt er að líta svo á að Bjarni hafi verið gerður út af þinginu til að takast á við danska utanríkisráðuneytið og vinna að því að koma verslun og viðskiptum Íslendinga undan dönskum hagsmunum. Til þess þarf trú á málstaðinn, sem venjulegur embættismaður hefði aldrei getað miðlað.

Á aukþingi Alþingis árið 1912 láta pólitískir andstæðingar Bjarna til skarar skríða gegn honum, og fer Valtýr Guðmundsson þar fremstur í flokki með fyrirspurn um starfsemi viðskiptaráðunautar á Alþingi. Valtýr hafði ætíð efast um starf viðskiptráðunautarins. Hann áleit að hann yrði eins konar erindreki, og tók Noreg sem dæmi, en þar voru erindrekar með 2000-5000 krónur í laun, á meðan Ísland hafði einn erindreka með 10.000 krónur í laun. Valtý finnst erfiðið ekki hafa borið árangur og því eigi að leggja þetta starf niður. Næst gagnrýnir hann Bjarna harðlega og segir hann hafa unnið starfið kolvitlaust, enda reynslulaus í verslun en að sama skapi með mikinn æsing í pólitík og enginn skapstillingarmaður. Um leið og Bjarni var ráðinn í starfið hafi hann byrjað að skrifa æsigreinar í dagblöð sem og blanda pólitík í fyrirlestra sína erlendis. Eftir að hann fékk viðvörun frá Birni Jónssyni hafi hann hætt öllum þessum æsifrættum í erlendum blöðum og stofnað sitt eigið – sem Valtýr nefnir pólitískt æsingablað (*Birkirbeinar*: 1911-1913). Valtý finnst Bjarni hafa vanrækt skyldur sínar sem viðskiptaráðunautur með því að sitja á þingi árin 1911 og 1912 því að þingmennska og ráðunautarstarf sé ekki hægt að tvinna saman og hefði hann því átt að velja annað hvort. Gagnrýndi hann harkalega Íslandsvöl Bjarna, því meðan hann gegndi þessari viðskiptastöðu og fékk full laun fyrir, þá sat hann einnig á þingi og vann auk þess við blaðamennsku. Illa sé því vegið að landssjóði með þessum tíðu ferðum Bjarna, því hann fari víða og njóti munaðar sem hann þarfnast ekki, og íslenska ríkið eigi því ekki að greiða reikninginn. Valtýr segir Bjarna vera að réttlæta þessar ferðir sínar með því að benda á markaði fyrir íslenska hestinn í Róm, silkikaup og ullarsölu í Mílanó og sölu íslenskra matvæla í Suður-Þýskalandi.<sup>97</sup>

Málflutningur Valtýs og orðalag bera það með sér að hér býr að bak persónulegur og pólitískur fjandskapur og blöskraði Bjarna oft. Þegar Valtýr segir Bjarna vera að draga sér fé

---

<sup>97</sup> Alþingistíðindi 1912 B, d. 913.

úr landssjóði þá er hann eingöngu að koma óorði á hann og búa til vantraust. Valtýr notaði ýmist orðið viðskiptaráðunautur eða verslunarráðunautur til þess að geta gert villandi samanburð við önnur lönd. Þannig tekur hann til samanburðar norska viðskiptaráðunauta með 2000-5000 í árslaun, sem beinlínis er ætlað að stunda viðskipti, og geti þeir haft tekjur af þeim viðskiptum meðan Bjarna er bannað allt slíkt. Valtýr sagði svo skýrslugerðina vera ófullnægjandi, og aðallega til þess að sýnast, með upptalningu á viðræðum við hinn og þennan um viðskipti við Ísland.

Eins og áður er sagt færir Valtýr árás sína á Bjarna í form fyrirspurnar til ráðherra. Hannes Hafstein hafði þá nýverið tekið aftur við ráðherraembætti. Hann vísaði því á bug að stjórnin gæti breytt erindisbréfi viðskiptarráðunautar, eins og fjárveitingin til embættisins sé orðuð í gildandi lögum, og segir að stjórnin hafi litið svo á stöðu þessa að um væri að ræða persónulega styrkveitingu sem hún ætti aðeins að sjá um greiðslu á, en ekki skipta sér af að öðru leyti. Einnig varpar hann af sér ábyrgð á þeim stjórnarathöfnum sem fyrirspyrjandi hafi fundið, því Kristján Jónsson hafi verið fyrirrennari hans og átti hlut að þessu máli. Kristján tekur þó fram að hans afskipti hófust ekki fyrr en eftir þinglok 1911 og hann geti því ekki svarað fyrir það sem áður hafi gerst í málinu. Einnig segir hann að með þessum styrk hafi viðskiptaráðunauturinn verið tekinn úr umsjá og eftirliti stjórnarinnar. Stjórnin geti heldur ekki vikið viðskiptaráðunautnum úr starfi, og erindisbréfi er ekki hægt að breyta. Þingið 1911 hafi einfaldlega veitt honum þessa kosti og því var ekkert sem meinaði honum að koma heim og sinna þingmennsku og á þeim tíma voru engin mótmæli gegn því.<sup>98</sup>

Síðar í umræðunum tók Skúli Thoroddsen til máls. Hann ætlaði ekki að segja neitt en gat ekki setið á sér og sagðist finna það á ræðu Valtýs að þar talaði maður, æstur af pólitískri gremju og jafnvel í hefndarhug gagnvart þingmanni Dalamanna, Bjarna Jónssyni, svo full væri ræða hans af rangfærslum. Skúli rifjaði upp hvernig þetta ráðunautarstarf hefði orðið til og að þvert ofan í það sem Valtýr héldi fram, þ.e. að viðskiptaráðunauturinn hefði átt að halda sig frá pólitík, þá átti hann einmitt ekki að gera það. Sjálfstæðisflokknum hafði fundist nauðsynlegt að hafa mann í útlöndum sem gæti tekið svari Íslands ef íslensk mál væru rangfærð eða á Ísland ráðist. Auðvitað vakti það jafnframt fyrir flokknum að viðskiptaráðunauturinn ynni að því að koma á hagkvæmum verslunarviðskiptum við önnur lönd. Sjálfstæðisflokknum fannst hitt vera aðalatriði, að Ísland hefði mann í útlöndum sem

---

<sup>98</sup> Alþingistíðindi 1912 B, d. 926.

gæti sagt sannleikann um íslensk málefni. Þá tekur Skúli upp það atriði að fjárveitingin 1911 var stíluð á nafn Bjarna Jónssonar og segir að hann hafi komið því til leiðar að svo var gert. Skúli hafði borið fram þessa tillögu á fundi í Sjálfstæðiflokknum því hann treysti þessum manni til þess að gegna starfinu eins og hann sjálfur vildi að því yrði gegnt, en ekki bara einhverjum sem stjórnin kynni að skipa í starfið.<sup>99</sup>

Bjarna blöskraði fyrirspurn Valtýs og sagði að hann væri að gera þetta vegna áhuga og umhyggju fyrir landi og þjóð, en ekki fyrir eigin gróða. Segir það gróusögur þegar Danir hafi reynt að bera á hann einhverjar sakir, sem Valtýr taki svo upp í blindni. Bjarni segir að þetta starf sé ekki vel borgað, hann var vissulega hæstlaunaði embættismaður Íslands en starf hans var það viðamikið að hann þurfti að ferðast mikið. Þurfti hann til að mynda á ferðalögum sínum oft að borga úr eigin vasa þar sem ferðastyrkurinn var aðeins 4.000 krónur á ári og hann ferðaðist mjög mikið. Bjarni svaraði skorinort öllum árásum á sig og starf sitt og lét engan bilbug á sér finna.<sup>100</sup> Í lok umræðnanna bar Sigurður Sigurðsson fram svohljóðandi tillögu, sem hann taldi byggða á ummælum viðskiptaráðunautarins sjálfs um að hann gæti rækt starf sitt þótt hann sæti heima á Íslandi. Viðskiptaráðunauturinn myndi því dvelja á Íslandi það sem eftir er og reka þau störf sem landsstjórnin feli honum og séu samkvæmt erindisbréfi hans. Tillagan taldist samþykkt með 14 atkvæðum gegn 7.<sup>101</sup>

Ekki er vitað hvort Bjarni hafi fundið sig vera bundinn af þessari ályktunartillögu þingsins, því að árið 1914 kom út ritið *Íslands næringsliv*, þar sem skilmerkilega var gerð grein fyrir landshögum og rakin þróun atvinnuveganna síðustu áratugi og síðan fylgdi með skrá yfir fyrirtæki og athafnamenn um allt land, sem menn gætu snúið sér til í viðskiptum.<sup>102</sup>

## Endalok viðskiptaráðunautars

Þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram fyrir Alþingi 1913, var fjárveiting til viðskiptaráðunautarins ekki tekin þar upp enda voru andstæðingar Bjarna Jónssonar við völd. Hins vegar bar hann sjálfur fram breytingartillögu við fjárlagafrumvarpið um áframhaldandi

<sup>99</sup> Alþingistíðindi 191 B, d. 951.

<sup>100</sup> Alþingistíðindi 1912 B, d. 930.

<sup>101</sup> Alþingistíðindi 1912 B, d. 966.

<sup>102</sup> Bjarni Jónsson frá Vogu, *Fra Íslands Næringsliv*.

fjárveitingu til viðskiptaráðunautar. Bjarni rökstuddi tillöguna með því, að hann væri sannfærður um að hér væri um nauðsynlegt starf að ræða, auk þess sem hann sagðist vita með vissu að sér yrði ekki ætlað starfið þótt því yrði haldið áfram.<sup>103</sup> Pétur Jónsson var formaður fjárlaganefndar sem taldi sig fullnægja hagsmunum lands og þjóðar með því að leggja til fjárframlög til tveggja verslunarerindreka, sem yrðu kostaðir að mestu leyti af samvinnufélögum og verslunarfélögum. Þannig taldi fjárlaganefndin sig tryggja það að í stöðurnar fengjust duglegir menn sem gætu orðið að verulegu gagni og þetta yrði vænlegri leið en sú sem reynd hefur verið. Í starfinu væri því fólgið að hafa umsjón með öllum hagsmunum landbúnaðarins, kaupfélaga, samvinnufélaga og sjávarútvegsins. Sumir á þinginu spurðu sig þó hvort hægt væri að samræma öll þessi störf.<sup>104</sup>

Bjarni vildi þó ekki gefast upp á þessari stöðu og lagði til að viðskiptaráðunaturinn hafi skrifstofu hér á landi og viðskiptafulltrúa í átta helstu viðskiptalöndum Íslands, sem hann telji að megi fá fyrir eitt þúsund krónur handa hverjum. Þarna væri þá komið kerfi sem gæti starfað allan ársins hring, að veita erlendum mönnum skýrslur um Ísland og Íslendingum um önnur lönd. Sjálfur væri viðskiptaráðunaturinn skrifstofustjóri hér heima, en myndi einnig ferðast nokkra mánuði á ári ef þess væri þörf. Bjarni sagði sem svo, að verði tillagan samþykkt, geti hann bent á nýjan ráðunaut í þessa stöðu sem væri vel hæfur í þetta starf. Það virðist hafa verið talað fyrir daufum eyrum alþingismanna öll þingin á undan um það kynningarstarf sem ráðunaturinn átti að hafa á hendi um íslenskar listir, menningu og þjóðréttarlega stöðu landsins. Þingið samþykkti árið 1913 fjárveitinguna til þessara tveggja erindreka sem skipaðir voru af Pétri Jónssyni alþingismanni, en felldi tillögu Bjarna um að haldið yrði áfram starfi viðskiptaráðunautar, þó svo honum væri ljóst að hann myndi ekki halda því starfi. Var þar með dauð um sinn hugmynd Bjarna og annarra sjálfstæðismanna um að með þessu væri lagður grundvöllur að sjálfstæðri utanríkisþjónustu Íslendinga.<sup>105</sup> Bjarni varð mjög sár yfir þessum umræðum á Alþingi og sagði í blaði sínu *Birkibeinum*: „Til hvers hefur hún verið sett á stofn, ef nú á að leggja hana niður. Líklega til þess að sýna einu sinni enn þá að grundvallarregla Íslendinga sé ætíð að hrökkva en aldrei að stökkva“.<sup>106</sup> En hann

<sup>103</sup> Agnar Kl. Jónsson, *Stjórnarráð Íslands*, bls. 548.

<sup>104</sup> Alþingistíðindi 1913 C, bls. 1486-1488.

<sup>105</sup> Ólafur Hannibalsson, *Handrit um Bjarna Jónsson frá Vagi*, bls. 123.

<sup>106</sup> Bjarni Jónsson, „Kaflar úr ræðu“, bls. 56.

gaf út blaðið *Birkibeina* til varnar og sóknar í hugsjónamálum sínum, sem voru fyrst og fremst samskipti Íslendinga við aðrar þjóðir.

Það verður ekki tekið af Bjarna Jónssyni frá Voggi að hann hafi starfað ötullega að málefnum þeim sem honum var falið að vinna samkvæmt erindisbréfinu frá 30. júlí 1909, og að starfið hafi verið mjög gagnlegt fyrir land og þjóð, að því er varðar upplýsingaþjónustu og kynningarstarfsemi annars vegar og viðskiptamálefni og verslun hins vegar. En erfiðleikum þessa starfs lýsti Benedikt Sveinsson í *Andvara*: „Ráðunautar starfsemin var mjög örðug, erindisbréf óákveðið, hann átti að skapa starfið sjálfur, tortryggni Dana öðrum megin, en á aðra hönd áreytingar og stuðningsleysi að heiman. Kvaðst Bjarni lengstum hafa verið eltur á röndum af tveimur konungsríkjum (Danmörku og Íslandi), til þess að sér yrði sem örðugast fyrir. Þó varð nokkur árangur af starfsemi hans, bæði um markaðsbætur og ný viðskiptasambönd, og einkum kynning við ýmsa atkvæðamenn meðal frændþjóða vorra, er veittu Íslendingum lið síðar“.<sup>107</sup>

Sigurður Sigurðsson frá Arnarholti skrifar í endurminningum um Bjarna í tímaritinu *Eimreiðinni* að viðskiptaráðunautarstarfið hafi hvorki verið honum til vegsauka né ánægju.<sup>108</sup> Tortryggnin heima fyrir gerði Bjarna erfiðara til framkvæmda.

Bjarni sagði síðan sjálfur að það sem honum þótti erfiðast við starfið var það að stjórnin hafði aldrei neitt í höndunum fyrir hann, þannig að hann þurfti að skapa starfið sjálfur, en einng var það rógurinn sem gerði honum lífið leitt. Menn leituðu síður til hans. Bjarni fannst hann hafa skapað stöðuna, eða eins og hann segir sjálfur: „Ég hefi markað hana ljóst að því leyti, eð ég hefi engi mök átt við danska ræðismenn eða sendiherra yfir höfuð. Eg taldi sýslan þessa upphaf að því, að Íslendingar vildi taka sín mál í eigin hendur og vildu því með engu móti að sendimanni sínum yrði blandað með nokkrum hætti saman við sendimenn Dana. Eg hefi að þessu leytið skapað stöðuna að eg hefi hvorki hneigt mig né beygt fyrir neinum og vænti eg að eftirmenn mínir geri hið sama, svo að það sjáist að Íslendingar eigi menn sem þora að standa eða falla fyrir eiginn reikning“.<sup>109</sup> Af þessu má lesa miklar áherslur á sjálfstæði í anda rómantikur, en Bjarni var sjálfur duglegur að gefa út kvæði eftir sig sem fjölluðu um land og þjóð.

<sup>107</sup> Benedikt Sveinsson, „Bjarni Jónsson frá Voggi“, bls. 45.

<sup>108</sup> Sigurður Sigurðsson, „Endurminningar“, bls. 311.

<sup>109</sup> Bjarni Jónsson, „Kaflar úr ræðu“, bls. 55-56.

## Ráðunautur Sambands íslenskra samvinnufélaga

Ekki verður grafið djúpt í eftimála í þessum efnum, en eftir að starf Bjarna hafði verið lagt niður, þá kom það í hlut Sambands íslenskra samvinnufélaga, SÍS, að ráða nýja erindreka til að annast markaðsöflun, einn sem fylgdist með útbreiðslu á íslenskum sjávarafurðum og hinn með sölu og útbreiðslu landbúnaðarafurða. En SÍS hafðu upphaflega komið með þá tillögu að sameina tvö embætti: Verslunarerindreka fyrir landið og verslunarerindreka fyrir íslensk samvinnufélög. SÍS fannst starf Bjarna hafa misheppnast gagnvart hag og þörfum verslunarinnar á Íslandi og breytinga væri þörf. Samband íslenskra samvinnufélaga sendi því tillögu til Alþingis um styrk til verslunarerindreka og var sá styrkur veittur. Verkefni erindrekan er að greiða fyrir og leiðbeina um sölu og útbreiðslu allra landbúnaðarafurða. Hann á að geta gefið hverjum sem setur sig í samband við hann mikilverðar upplýsingar um meðferð vöru, markaðsverð og markaðshorfur á hverjum tíma sem er. Hann ætti jafnframt að getað útvegað upplýsingar um ýmsar erlendar vörur og tilboð í þær í stórkaupum.<sup>110</sup> Hægt er að líta á þetta þannig að SÍS og Sláturfélag Suðurlands hafi fengið sér erindreka til að vinna að bættum málum fyrir sig og sína, en slíkur erindreki á að hafa það að markmiði að efla hag verslunarinnar í heild sinni fyrir Ísland og hafa hann sem bestan.

Samband íslenskra samvinnufélaga hafði löngu talið það vera nauðsynlegt að geta haft fastan erindreka í útlöndum til þess að annast sölu á íslenskum afurðum og gefa leiðbeiningar um kaup á vörum og að gæta á annan hátt hagsmuna Sambandsins. Fordæmi voru fyrir þessu þegar Ditlev Thomsen hafði verið veittur styrkur árið 1893 til að rannsaka erlenda markaði. Á Alþingi hafði verið stofnað embættið „Viðskiptaráðunautur Íslands“ og Bjarni Jónsson ráðinn í það starf. Verslunarerindreki var svo ráðinn fyrir Sambandið og Sláturfélag Suðurlands. Þrír menn höfðu sótt um starfið og var á meðal þeirra títtnefndur Ditlev Thomsen sem þá var orðinn konsúll í Kaupmannahöfn. Stjórnin var svo sammála um að ráða Odd Jónasson til starfsins. Einn maður úr núverandi sambandsstjórn væri honum til aðstoðar; Hallgrímur Kristinsson. En Sláturfélag Suðurlands var þessu ósammála og vildi helst hafa Ditlev Thomsen sem verslunarerindreka því hann var vanur kaupmaður og hafði reynslu í þessum efnum. Talaði Jónas Jónsson frá Hriflu m.a. fyrir þessari tillögu. Niðurstaða náðist í málið árið 1915

---

<sup>110</sup> Pétur Jónsson, „Erindisrekamálið“, bls. 146-47.



þegar Sambandið og SS náðu samkomulagi um það að Hallgrímur Kristinsson skyldi ráðinn með styrk úr landssjóði.<sup>111</sup>

Árið 1916 heldur starfsemi Sambandsins áfram með sama sniði og áður. Aðalbækistöðvar þess og skrifstofa teljast vera á Akureyri en aðalstarfsemin fór fram á skrifstofu Hallgríms erindreka í Kaupmannahöfn. Árið 1917 fékk Hallgrímur skeyti frá Sigurði Jónssyni í Ystafelli, sem þá var orðinn atvinnumálaráðherra, um að koma heim og stofna heildsölu á Íslandi, en Hallgrímur gerðist þá framkvæmdastjóri Sambandsins. Árið 1917 hóf ríkið að annast útflutning (saltkjöt o.fl), og 1918 voru því nær allar útflutningsvörur seldar með milligöngu útflutningsnefndar.<sup>112</sup>

---

<sup>111</sup> *Samband íslenskra samvinnufélaga*, bls. 38-41.

<sup>112</sup> *Samband íslenskra samvinnufélaga*, bls. 50 og 191.

## Viðskiptaerindrekar á árunum milli stríða

Á tímanum milli heimsstyrjalda voru ýmsir viðskiptaerindrekar starfandi að markaðsmálum erlendis á vegum ríkisins. Áður hefur verið minnst á Matthías Þórðarson sem var erindreki Fiskifélagsins, en á fjárlögum fyrir árin 1914 og 1915 fékk hann 4.000 krónu fjárveitingu til að sinna starfi erindreka erlendis. Hann tók að sér ábyrgð á dreifingu á íslenskum sjávarafurðum. Fjárveiting fór einnig til SÍS og Sláturfélags Suðurlands til þess greiða laun til erindreka sem hefðu með höndum sölu og dreifingu landbúnaðarafurða.<sup>113</sup>

Landsstjórnin ætlaðist einnig til þess af tveimur erindrekum Fiskifélagsins að þeir ættu ekki einungis að vinna að markaðsstörfum heldur einnig að starfa eins og opinberir fulltrúar. Þeir þurftu því að fylgjast með öllum þeim aðgerðum stjórnvalda í hlutaðeigandi löndum sem gætu snert viðskipti Íslands við þau lönd. Matthías var þá erindreki Fiskifélagsins. Hann var lengst af í Bretlandi eða frá hausti 1914 til síðari hluta árs 1916. Matthías skrifaði mikið um fiskveiðar og fiskmarkaðsmál í blöð og tímarit. Auk þess birtust skýrslur eftir hann í tímaritinu *Ægi*. Árið 1929 ferðaðist Matthías til Mið- og Suður-Evrópu til að kynna sér saltsíldarmarkaði, og tveimur árum síðar fór hann í svipaða ferð til Hollands, Belgíu og Frakklands. Hann gaf út *Síldarsögu Íslands* árið 1930. Matthías Ólafsson var annar erindreki Fiskifélagsins sem starfaði að markaðsmálum erlendis með styrk frá ríkinu. Matthías dvaldi í Bandaríkjunum frá 1917-1919, aðallega til þess að kynna sér markaðsmöguleika fyrir saltfisk. Að lokinni dvöl í Bandaríkjunum fór hann til Evrópu árið 1919 að sinna markaðsmálum. Hann sagði þá af sér þingmennsku, en hann hafði verið þingmaður frá 1911-1919. Hann ferðaðist svo um Evrópu til markaðsathugana til ársins 1921.<sup>114</sup> Gunnar Egilsson var tvívegis viðskiptaerindreki í Suður- Evrópu, í fyrra skiptið 1920-1922 og svo frá 1925-1927, þega hann var fiskifulltrúi á Spáni og Ítalíu, en það hafði verið sett í lög árið 1925. Pétur A. Ólafsson fór á vegum ríkisstjórnarinnar til Norður-, Mið-, og Suður-Ameríku til að athuga markaðsmöguleika fyrir íslenskar afurðir 1922-1923, og var síðan kjörinn ræðismaður Brasilíu í Reykjavík frá 1923-1933. Margir viðskiptaerindrekar komu í kjölfarið sem ekki verður greint nánar frá. Laun og kostnaður við ferðir viðskiptafulltrúa og dvöl þeirra erlendis voru að hluta til greidd af ríkinu

<sup>113</sup> Agnar Kl. Jónsson, *Stjórnarráð Íslands*, bls. 548.

<sup>114</sup> Pétur J. Thorsteinsson, *Utánríkisþjónusta Íslands og utánríkismál*, bls. 90-91.

og að hluta af samtökum atvinnurekanda. Eftir 1930 greiddu Landsbankinn og Útvegsbankinn hluta kostnaðarins.<sup>115</sup>

Margir gegndu starfi viðskiptaerindreka á þessu tímabili. Má nefna Gunnar Egilsson sem gegndi þessari stöðu tvívegis í Suður-Evrópu, í fyrra skiptið 1920-1922 og í seinna skiptið árin 1925 til 1927, þá titlaður fiskifulltrúi. Dr. Helgi P. Briem var viðskiptaerindreki frá 1932 og þar til borgarastyrjöldin á Spáni hófst 1936. Það var alltaf talið mikilvægt að hafa íslenskan viðskiptafulltrúa í Mið- og Suður-Evrópu og hafði Helgi aðsetur sitt í Barcelona á Spáni. Íslenskir fulltrúar höfðu ekki haft diplómátísk réttindi, en Helgi taldi það æskilegt. Hann var því titlaður „attaché“ við sendiráð Danmerkur með aðsetur í Barcelona. Íslensk stjórnvöld töldu nauðsynlegt árið 1916 að eiga fastan fulltrúa í London til þess að greiða fyrir Bretlandssviðskiptum. Birni Sigurðssyni bankastjóra Landsbankans var fenginn til þessa starfs. Björn átti samkvæmt erindisbréfi sínu að hafa milligöngu milli landsstjórnarinnar og bresku ríkisstjórnarinnar. Einnig var honum heimilt að leiðbeina einkaaðilum á viðskiptasviðinu og svara fyrirspurnum frá þeim. Björn gengdi starfi viðskiptafulltrúa til 1920.<sup>116</sup>

Viðskiptaerindrekstur var við líði frá árinu 1914 til ársins 1940, en eftir það tóku Íslendingar meðferð utanríkismála að öllu leyti í sínar hendur og skipulögðu utanríkisþjónustu. Eftir stofnun lýðveldisins árið 1944 var utanríkisráðuneytið stofnað, og árið 1946 varð svo Ísland aðili að Sameinuðu þjóðunum.

---

<sup>115</sup> Pétur J. Thorsteinsson, *Utanríkisþjónusta Íslands og utanríkismál*, bls. 97-100.

<sup>116</sup> Pétur J. Thorsteinsson, *Utanríkisþjónusta Íslands og utanríkismál*, bls. 94-99.

## Lokaorð

Ísland var sveitasamfélag og langt á eftir í iðnaði og öðrum skapandi greinum. Þar sem Ísland er eyja og var undir dönsku krúnunni þá var lítið um samskipti við meginland Evrópu. Öll verslun fór í gegnum Dani; þeir voru milliliðir í öllum viðskiptum Íslendinga. Menntun Íslendinga fór aðallega fram í Danmörku þar sem enginn háskóli var til á Íslandi og vöruskipti einkenndu innlenda verslun. Landshöfðingjarnir voru oft á tíðum íhaldssamir og fannst mörgum kominn tími á breytingar. Dagblöð fóru að skrifa um verslun á Íslandi og hversu ábótavant henni var. Skuldir hækkuðu hjá almenningi og lítið kom inn í þjóðarbúið. Íslendingar voru þó með vandaðar vörur sem töluverð eftirspurn var eftir.

Ditlev Thomsen var einn af þeim sem vildi breytingar. Hann rak stærstu verslun á Íslandi sem hét Thomsens-magasín og sá tækifæri á borði. Hann sótti um fjárstyrk til Alþingis til þess að skoða markaði í erlendum löndum fyrir íslenskar afurðir. Hann skoðaði hvar væri best að selja, hvenær og hve mikið. Einnig skoðaði hann innflutningstolla og útflutningstolla. Þegar hann sneri heim skrifaði hann svo skýrslur sem fóru til Landshöfðingja og voru birtar seinna meir í tímaritinu *Andvara*. Dagblöð höfðu lengi kallað eftir þessu. Ljóst var að hér væru aukin tækifæri fyrir kaupmenn. Í skýrslunni kom fram hvernig best væri að verka fisk, hvar bestu markaðirnir væru fyrir rjúpu, ull og margt fleira. Þetta var allt saman nýtt fyrir kaupmönnum á Íslandi. Ýtti þetta undir forvitni hjá Íslendingum sem opnuðu nýjar, innlendar verslanir.

Ditlev Thomsen ferðaðist tvisvar utan að sinna starfi sínu. Í fyrra skiptið árið 1893 og síðara skiptið 1897, en þá fékk hann ekki ferðastyrk frá Alþingi heldur fór á eigin kostnað. Hann fékk 1800 króna farareyri til fyrri ferðar sinnar, til ferðalaga og uppihalds. Það nægði ekki og varð Ditlev að greiða úr eigin vasa töluverða peninga. Allt var þetta gert til þess að bæta hag íslensku þjóðarinnar. Mikið var fjallað um þennan ferðastyrk á Alþingi og fannst sumum þetta vera fásinna. Margir íslenskir kaupmenn voru ósáttir með valið á fulltrúa þjóðarinnar, því Ditlev var danskur. Þeir héldu að hann myndi fyrst og fremst skoða markaði fyrir sína verslun og sinna eigin hagsmunum. Ditlev fékk því lítinn meðbyr, en skilaði engu að síður góðum og gagnlegum skýrslum. Ditlev var því brautryðjandi í íslenskri verslunarsögu. Nokkrir Íslendingar fóru einnig utan til svipaðra erinda. Ditlev lést í Kaupmannahöfn 1935, en hafði

alltaf haft sterk tengsl við Ísland, borið hag þess fyrir brjósti og starfað í þágu íslenskrar þjóðar.

Það hafði legið lengi í loftinu að stofna embætti viðskiptaráðunautar, þegar það loks var sett á laggirnar árið 1909. Íslendingar voru ekki sáttir við að hafa ekki fulltrúa erlendis til þess að gæta hagsmuna þjóðarinnar. Bjarni Jónsson frá Vogu varð fyrsti viðskiptaráðunautur Íslands. Bjarni átti sjálfur að móta starf sitt og hann áleit að hann ætti ekki eingöngu að skoða og kynna markaði fyrir íslenskar afurðir heldur einnig að standa vörð um orðspor og virðingu lands og þjóðar. Þessi staða var eins konar vísir að utanríkisþjónustu og má segja að Bjarni frá Vogu hafi verið fyrsti sendiherra Íslands. Bjarni stóð vaktina á Norðurlöndum, í Þýskalandi og Englandi. Danir voru aldrei ánægðir með þetta nýja embætti Íslendinga, því það ýtti undir sjálfstæðisröfur þjóðarinnar. Nokkuð ljóst virðist að það var einmitt þetta sem sjálfstæðismenn og landvarnarmenn vildu sjá í starfi ráðunautarins. Bjarni kom að mörgum málum fyrir Ísland. Hann kynnti landið fyrir erlendum kaupmönnum, fækkaði milliliðum í verslun erlendis, m.a. með því að koma á beinum samgöngum milli Íslands og annarra ríkja en Danmerkur. Á Íslandi var að hefjast „núttímavæðing“, og árið 1911 var stofnaður Háskóli á Íslandi sem gaf Íslendingum kost á að mennta sig í sínu heimalandi og fá til landsins erlent námsfólk sem kæmi með gjaldeyri inn í landið. Bjarni skrifaði og gaf út marga fyrirlestra þar sem hann lofaði íslenska þjóð og afurðirlandsins. En það gat stundum komið honum í koll hve pólitískur hann var. Hann átti það til í fyrirlesturum sínum að hallmæla Dönum; þeir fréttu af því og sendu tafarlaust bréf til ráðherra með kvörtunum og hótunum.

Alþingi klofnaði. Mikið pólitískt ofstæki einkenndi þessi ár og báru margir þingmenn kala hvor til annars. Valtýr Guðmundsson var andstæðingur Bjarna og vildi afnema embætti hans. Kom til hatrammra deilna á Alþingi sem leiddu að endingu til þess að starf viðskiptaráðunautar var lagt niður 1913. Skömmu síðar voru viðskiptaerindrekar fengnir til starfa víða um heim til að sinna sömu verkefnum og Bjarni hafði gert. Bjarni skrifaði mörg rit um verk sín sem viðskiptaráðunautur, hann varði starf sitt og hélt fram mikilvægi þess. Eftir að Ísland varð sjálfstætt ríki árið 1944 var stofnað utanríkisráðuneyti, en með sanni má segja að Bjarni Jónsson frá Vogu hafi verið fyrsti ráðherra í utanríkismálum Íslands.

Bjarni og Ditlev áttu að mörgu leyti stóran þátt í því að hvetja til sjálfstæðis landsins. Þeir breyttu hugsunarhætti þjóðarinnar og tóku þátt í að færa Ísland nær nýrri öld. Ísland komst

Örlitlu skrefi nær verslunar- og iðnaðarrisum annars staðar í álfunni. Nútímavæðing var hafin á Íslandi

## Heimildaskrá

Agnar Klemens Jónsson, *Stjórnarráð Íslands 1904-1964*, 2. b. (Reykjavík 2004).

*Alþingistíðindi* 1893, 1909-1913.

Benedikt Sveinsson, „Bjarni Jónsson frá Vogu“, *Andvari* (1927), bls. 5-50.

Bjarni Jónsson frá Vogu „Ungur maður, félagi minn“, *Málþing Íslendinga: um fyrsta heimspekinginn og framhald lífsins*, Ritstjóri Þorsteinn Guðjónsson (Reykjavík 1979), bls.48-50.

Bjarni Jónsson frá Vogu, „Kafli úr ræðu“, *Birkibeinar* (1913), bls. 52-57.

Bjarni Jónsson frá Vogu, *Fra Íslands Næringsliv*, (Kristiania 1914).

Bjarni Jónsson frá Vogu, *Skilur haf hjarta og vör*, (Reykjavík 1910).

Bjarni Jónsson frá Vogu, *Viðskipti Íslendinga við aðrar þjóðir*, (Reykjavík 1911).

Ditlev Thomsen, „Á undan Evrópuþjóðum“, *Ísafold* (1897), bls. 141.

Ditlev Thomsen, „Ferðapistill 1“, *Ísafold* (1894), bls. 25-26.

Ditlev Thomsen, „Ferðapistill 2“, *Ísafold* (1894), bls. 57.

Ditlev Thomsen, „Markaðir fyrir íslenskar vörur“, *Fjallkonan* (1894), bls. 81-82.

Ditlev Thomsen, „Markaðir fyrir lifandi sauðfjenað og saltaðan fisk, einkum á Frakklandi, í Belgíu og á Hollandi“, *Andvari* (1897), bls. 189-217.

Ditlev Thomsen, „Nýir fjármarkaðir erlendis“, *Ísafold* (1897) bls. 101.

Ditlev Thomsen, „Sala á íslenskri vöru í ýmsum löndum“, *Andvari* (1894), bls. 162-253.

Ditlev Thomsen, *En gammel islandsk købmands erindringer*, (Kaupmannahöfn 1934).

*Forsætisráðherrar Íslands*, Ritstjóri Ólafur Teitur Guðnason (Akureyri 2004).

Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Saga og samfélag – þættir úr félagssögu 19. og 20. aldar*, (Reykjavík 1997).

Guðmundur Jónsson, „Endalok dönsku verslunarinnar á Íslandi“, *Saga* (2006), bls. 91-114.

Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun 1874-1918“, *Saga Íslands X*, Ritstjórar Sigurður Líndal og Pétur Hrafn Árnason (Reykjavík 2009) bls. 5-303.

Gunnar Karlsson, „Upphafsskeið þjóðríkismyndunar 1830-1874“, *Saga Íslands IX*, Ritstjórar Sigurður Líndal og Pétur Hrafn Árnason (Reykjavík 2008), bls. 167-367.

*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*. Ritstjórar Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon (Reykjavík 1997).

Halldór Bjarnason, „Utanríkisverslun Íslands á seinni hluta 19. aldar“, *Íslenska sögubíngið 28-31 maí 1997*. Ritstjórar Guðmundur J. Guðmundsson og Eiríkur K. Björnsson (Reykjavík 1998), bls. 203-209.

Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld* (Reykjavík 2003).

J. P. „Viðskiptaráðunauturinn“, *Andvari* (1910), bls. 17-20.

Lýður Björnsson, *Saga verslunar á Íslandi* (Reykjavík 2005).

Ólafur Hannibalsson, *Handrit um Bjarna Jónsson frá Vogu*.

Ólafur Ragnar Grímsson og Þorbjörn Broddason, *Íslenska þjóðfélagið. Félagsgerð og stjórnkerfi*, (Reykjavík 1982).

Ónefndur, „Fjársla og fleira“, *Fjallkonan* (1897), bls. 67-68.

Ónefndur, „Ónefnt“ *Fjallkonan* (1899), bls. 25-26.

Pétur J. Thorsteinsson, *Utanríkisþjónusta Íslands og utanríkismál-sögulegt yfirlit*, 1. b. (Reykjavík 1992).

Pétur Jónsson, „Erindisrekamálið“, *Tímarit kaupfélaga og samvinnufélaga* (1913), bls. 145-148.

S. P. Sívertsen, „Dethlef Thomsen. Fyrirverandi konsúll“, *Morgunblaðið* (1935), bls. 5.

S.B. Jónsson, „Hin nýja kátverkun“, *Hlín* (1903) bls. 57-60.



*Samband íslenskra samvinnufélaga, 1902-1942*, Ritstjóri Gísli Guðmundsson (Reykjavík 1943).

Steen Thomsen, „Thomsensverslun í þrjár kynslóðir“, *Morgunblaðið* (1988), bls. 4-6 og 10-11.

Sveinn Björnsson, „Um sölu íslenskra afurða“, *Lesbók Morgunblaðsins* (1926), bls. 1-6.